

FERÐA- OG SAMGÖNGUNEFD LH

Skýrsla 2019.



Endurheimt gamallar þjóðleiðar um Esjuhlíðar.

Ljósmynd SE.

Starflýsing fyrir reiðveganefndir landssvæða.

1. Landinu skal skipt í sjö svæði og reiðveganefndir skipaðar á hverju þeirra.
2. Reiðveganefndirnar skulu skipaðar fulltrúa frá hverju hestamannafélagi innan hvers svæðis.
3. Reiðveganefndirnar velja sér formann og varaformann
4. Ferða- og samgöngunefnd LH skal skipuð formönnum reiðveganefnda hvers svæðis.
5. Stjórn LH skipar formann og varaformann Ferða- og samgöngunefndar
6. Reiðveganefndirnar sækja um reiðvegafé ár hvert til LH.
7. Reiðveganefndirnar vinna að framkvæmdaáætlun reiðvega á sínu svæði til a.m.k. fjögurra ára í senn.
8. Reiðveganefndirnar skulu skila inn framkvæmdaskýrslu ár hvert til skrifstofu LH um þegar unnin verk og gera grein fyrir úthlutuðu fjármagni til reiðvegagerðar innan síns svæðis.
9. Reiðveganefndirnar sem trassa að skila inn framkvæmdaskýrslum og greinagerð vegna reiðvegaframkvæmda eiga á hættu að vera ekki með við næstu úthlutun reiðvegafjár.
10. Reiðveganefndirnar leitast við að efla tengsl við Vegagerðina, funda a.m.k. einu sinni á ári með forsvarsmönnum Vegagerðarinnar á viðkomandi svæðum.
11. Reiðveganefndirnar kynna sér framkvæmdaáætlanir Vegagerðarinnar í sínu umdæmi og bregðast við þeim eftir sem við á.
12. Reiðveganefndirnar kynna Vegagerðinni sínar reiðvegaáætlanir.
13. Reiðveganefndirnar skulu fylgjast vel með skipulagsmálum í sínu umdæmi og gera viðeigandi athugasemdir á vinnslustigi skipulags, er varðar reiðvegi, reiðleiðir eða áningahólf.
14. Hestamannafélögum sem kjósa að vera utan samstarfs reiðveganefndanna skulu ekki útilokuð frá að sækja um reiðvegafé á sitt starfssvæði.



Landmannalaugar, Jökulgil.

Ljósm. HHH.

FERÐA- OG SAMGÖNGUNEFND.

Ferða- og samgöngunefnd LH skipa formenn svæðisbundnu reiðveganeftndanna ásamt formanni skipuðum af LH, þessi skipa nefndina árið 2019.

Nöfn:	Tölvupóstföng:	Símar:
Halldór H. Halldórsson formaður	bilamalunh@gmail.com	892 8678
Sæmundur Eiríksson SV svæði varaform.	klopp@simnet.is	699 7747
Einar Á. Sæmundsen Suðursvæði 1	ainar@thingvellir.is	891 6764
Marteinn Hjaltsted Suðursvæði 2	hestahof@hestahof.is	696 1332
Guðlaugur Antonsson Vestursvæði	gudlaugur.antonsson@mast.is	858 0857
Kristján Þorbjörnsson N.V.svæði	kirgilst@simnet.is	892 1713
Örn Viðar Birgisson N.A. svæði	ornvidarbirgisson@gmail.com	844 1045
Halldór H. Halldórsson Austursvæði	bilamalunh@gmail.com	892 8678



Ferða- og samgöngunefnd LH:

Störf Ferða- og samgöngunefndar voru með hefðbundnum hætti sl. starfsár. Fundur í nefndinni var haldinn 15. mars sl. í húsakynnum ÍSÍ í Laugardal, fundargerð þess fundar er hér aftar í skýrslunni. Að öðru leyti hafa samskipti nefndarmanna verið með rafrænum hætti eða símleidis. Ekki hefur enn verið skipaður formaður sameiginlegrar reiðveganeftndar á austursvæði. Formaður Ferða- og samgöngunefndar gætir hagsmuna félaga á austursvæði meðan það ástand varir.

Kallað var eftir umsóknum um reiðvegafé frá hestamannafélögunum fyrir árið 2019 og greinagerðum vegna reiðvegaframkvæmda ársins 2018. Framlengdur umsóknarfrestur í reiðvegaskjöld var til og með 28. febrúar.

Reiðveganeftndir hestamannafélaganna sækja um reiðvegafé í gegnum kortasjána á sérstökum eyðiblöðum sem þar er að finna. Einnig að gera grein fyrir framkvæmdum liðins árs. Talsverðar endurbætur hafa verið gerðar á umsóknarferlinu sérstaklega er varðaði teiknun reiðleida í kortasjána. Vel hefur tekist til með að umsóknir um reiðvegafé berist LH með rafrænum hætti,

en sem kunnugt er ber félögunum að senda umsóknir um reiðvegafé um kortasjána, einnig skil á greinagerðum um unnar reiðvegaframkvæmdir á árinu.

Opinn fundur um reiðvegamálg og kynningu á kortasjá var haldinn hjá hestamannafélaginu Sörla. Einnig var haldinn fundur á Akureyri með reiðveganefndafólki af norður- og norðausturlandi í boði hestamannafélagsins Léttis.

Ný umferðarlög voru samþykkt á 149 löggjafarþingi, þau taka gildi 1. janúar 2020. Þar er m.a. að finna skilgreiningu á reiðvegum og ákvæði þess efnis að akstur vélknúinna ökutækja sé bannaður á skilgreindum og merktum reiðvegum. Þetta hefur verið baráttumál hestamanna frá 2006.

Áhugi hefur verið innan LH að fá aðila í hestatengdri ferðaþjónustu til samstarfs og var þeim boðið til fundar fimmtudaginn 2. maí sl. Ekki var mæting í samræmi við vonir eða væntingar, hvort sem um var að kenna tímasetningu eða öðru. Ákveðið að reyna aftur í október, eða utan há annatíma ferðaþjónustuaðila.

Reiðvegafé í samgönguáætlun hefur verið aukið á landsvísu úr 60. m.kr. sem hafði verið óbreytt síðan 2010 í 75. m.kr. Enn má bæta í svo ásættanlegt sé.

Víða þrengir að reiðleiðum, í þessum rituðu orðum er búið er að loka reiðvegi frá Akureyri yfir vestustu kvísl Eyjafjarðarár og óvíst hvenær opnað verður aftur með nýrri brú og reiðvegi. Annars staðar eru betri fréttir, í ágúst sl. var opnað aftur gömul reiðleið / þjóðleið um Esjuhliðar, en þeirri leið var lokað fyrir hart nær 50 árum síðan.

Öryggisnefnd hefur verið endurreist af stjórn LH og starfar hún með Ferða- og samgöngunefnd eftir sem því aðstæður bjóða hverju sinni, sá sem leiðir störf Öryggisnefndar er Eggert Hjartarson stjórnarmaður í LH.

Sem fram hefur komið þá átti Ferða- og samgöngunefnd í samvinnu við Bláskógabyggð vegna merkinga reiðleiða á Kili. Samskipti, samráð og ábendingar voru einnig við Bláskógabyggð í ár vegna málsins.

Fundur í Ferða- og samgöngunefnd var boðaður föstudaginn 15. mars sl. fundargerð fundarins fer hér eftir:



Ferða- og samgöngunefnd LH 2019 Fundargerð.

Frá fundi Ferða- og samgöngunefndar LH föstudaginn 15. mars 2019, kl. 13:00 – 16:10 fundarstaður íþróttamiðstöðin Laugardal salur D.

Mætt til fundarins voru:

Halldór H. Halldórsson formaður Samgöngunefndar, Sæmundur Eiríksson Suðvestursvæði, Guðlaugur Antonsson Vestursvæði, Kristján Þorbjörnsson Norðursvæði 1, Örn Viðar Birgisson Norðursvæði 2, Einar Á. Sæmundssen Suðursvæði 1 og Marteinn Hjaltsted Suðursvæði 2. Enginn fulltrúi hefur verið skipaður fyrir Austursvæði og sér HH um þeirra mál. Einnig sat fundinn að hluta Eggert Hjartarson öryggismálafulltrúi LH.

1. Skýrsla síðasta starfsárs.

Lögð fram skýrsla síðasta starfsárs til skoðunar og umræðu.

2. Reiðvegir 2018- uppgjör / Fjárheimildir 2018.

HH fór yfir samantekt á fjárheimildum og framkvæmdum vegna reiðvega 2018. Samtals voru framkvæmdir hestamannafélaganna kr. 58.496.496,-. Af heildarupphæðinni kr. 60.000.000,- til reiðvegamála voru ónýttar kr. 1.503.504 í sjóði Vegagerðarinnar.

Suðursvæði 2 : Sindri fékk aukaúthlutun frá Vg kr. 1.000.000,-.

Suðursvæði 1 : Sleipnir fékk aukaúthlutun frá Vg kr. 500.000,-.

EH : er vegur á Skógarhólum frá aðalhliði og upp að gerði hluti af reiðleiðum á svæðinu ?

HH/SE : vegur er innan girðingar og ekki talinn tilheyrja reiðleiðum.

ES : sjáum til hvort eitthvað er hægt að gera, t.d. fá Brjót á staðinn.

SE : það verður fyrst að að keyra út efni í þennann veginn, þetta er drullusvað í bleytutíð.

Suðvestursvæði : Á suðvestursvæði er Reiðveganefnd í Kjalarnesþingi hinu forna rekið sem fyrirtæki. Reikningar frá félögum eru skrifaðir á RK sem sendir reikning til Vg að viðbættu 1% álagi vegna umsýslu og ljósrit af reikningi hvers félags fylgir með. Þeir peningar sem þannig safnast saman eru síðan nýttir til framkvæmda innan suðvestursvæðis. Í Þingvallaleið var aukaúthlutun frá Vg kr. 500.000,-. Aðrar viðbótar framkvæmdir voru greiddar úr reiðvegassjóði Reiðveganefnar Kjalarnesþings.

Vestursvæði : Millifært á Borgfirðing kr. 400.000,-frá Glæð og Snæfellingi.

Norðursvæði 1 : Skagfirðingur fékk aukaúthlutun frá Vg kr. 800.000,-.

KP : ég held að Þytur hafi fengið aukalega kr. 1.000.000,- frá Vg.

HH : það kemur ekki fram á yfirliti frá Vg - KP skoðar málið.

Norðursvæði 2 : Millifært á Funa kr. 400.000,-frá Létti.

Austursvæði : fjárveitingar fullnýttar.

3. Skil á greinagerðum og umsóknum.

HH : best er að senda inn greinagerðir þegar framkvæmdum er lokið hjá hverju félagi.

Greingerðir eru sendar inn og eru óháðar skilum á umsóknum.

Af 33 hestamannafélögum sem fengu úthlutað framkvæmdafé árið 2018 eru 2 sem ekki skila greinagerð vegna framkvæmda síðasta árs. Greinagerðir sem eru rétt útfylltar eru 18.

Af 44 hestamannafélögum eru 33 sem senda inn umsóknir um reiðvegafé og þar af eru 18 rétt útfylltar. Umsóknir með teiknaðar reiðleiðir í kortsjá eru alls 27.

HH : hvet menn til þess að ná í ný skjöl inn á kortasjá til þess að fylla út fyrir greingerðir og umsóknir, ekki nota gömlu exelsskjölin.

ES : hver er áætlaður meðalkostnaður á uppbyggðum reiðvegi ? væri ekki hægt að útbúa einhverja viðmiðun á kostnaði fyrir mismunandi aðstæður.

Fram komu hjá fundarmönnum nokkrar kostnaðartölur og var niðurstaðan sú að við góðar aðstæður þar sem stutt væri að ná í efni væri kostnaður um kr. 1.000.000,- á kílómeter.

4. Girðingar – öryggisgirðingar.

Sagt frá samskiptum við Vegagerð og Samgöngunefnd vegna uppsetningar á öryggis- girðingum milli akvegjar og reiðleiðar. Niðurstaðan úr því var að notast skyldi við létta tréstauro og rafmagnsborða/band.

ÖVB : fjöldi hesta fer um Ljósavatnskarð áfram hjá Fosshól og að Einarstöðum í Reykjadal á árlegt mót sem þar er haldið og auk þess eru hestaferðahópar að fara mikið þessa leið. Við settum upp á síðasta ári girðingu með tréstaurom og rafmagnsborða sem tekin var niður í haust. Nú hefur Vegagerðin óskað eftir að við settum upp þessa girðingu aftur í sumar.

KP : á Svínvetningabraut er reiðvegur á vegöxl, þar er girt með tréstaurom og vír, líklega verður hætt að nota vírinn og þess í stað sett band eða kaðall.

ÖVB : ef öryggissvæði væru alls staðar eins og segir til um í Reiðvegahandbók væri einfaldra fyrir hestamenn að komast um, til dæmis eins og með vegi út Kræklingahlíð.

HH : ef menn ætla að setja upp girðingar með vegi skal hafa samband við svæðsstjóra Vg um leyfi til þess að setja upp girðingu og spurning hvort Vg leggi þá til stauro.

Eggert sýndi hugmynd að lokun á reiðgötum í stað þess að setja grjót á veginn. Plaststaur með stífum gormi að neðan sem festur er við kantaðan stálprófil. Undirstaða er steypur steinn sem er niðurgrafinn við hann er festur kantaður stálprófill. Kantaður stálprófill á plaststaur gengur utan yfir stálprófil á undirstöðu og er fest saman með gegnumgangandi bolta sem losaður er þegar komast þarf um reiðveginn með bíla, sjúkrabíla og vegna viðhalds og eftirlits.

Umræður um hæð á plaststaur og um boltafestingu hvort hún sé ekki of einföld það er hver sem er getur tekið upp staurinn og fleygt honum út í móa.

Eggert mun setja upp svona lokanir í Sörla í Hafnarfirði til prufu

5. Náttúruverndarlög (Almannaréttur).

HH : breyting við Náttúruverndarlög var í umsagnarferli til 13. mars. HH setti fram tillögu sjá hér að neðan og var hún send á Lárus og Hjörný. Laganefnd LH fór yfir tillögu og núgildandi lög og taldi laganefndin tillögu engu bæta við núgildandi lög.

„Nú liggur skilgreind reiðleið eða þjóðleið um eignarlönd þá getur landeigandi eða umráðamaður lands ekki einhliða lokað þeirri leið með girðingum eða með öðrum hætti nema samþykki sveitarstjórnar komi til og önnur greið leið komi þá í staðinn“.

HH : mér sýnist að samkvæmt þessu eigi að vera heimilt að fara um land Munkaþverár.

ÖVB : óskað hefur verið eftir því við LH að sent verði erindi um það að umboðsmaður Alþingis gefi umsögn um ályktun frá LH þingi 2018 hver sé réttur um aðgengi hestamanna um vatns- og árbakka. Upplýst hefur verið að erindið verði sent fyrir 1. apríl

6. Kortasjá, nýjungar í kortasjá.

SE sýnir kortasjá og möguleika sem þar eru. Farið yfir hvernig hægt að að senda inn til Klöpp upplýsingar um nýjar og/eða breyttar reiðleiðir og áningahólf sem ekki eru inni í kortasjá. Farið

yfir nýleg dæmi þar sem KÞ sendi inn staðsetningar á þrem áningahólfum sem ekki voru inni á kortasjá en eru nú komin þar inn. Áningahólfín eru við Aralæk, Syðri Giljá og á Grettishæð.


KP/ÖVB : er hægt að hafa sérflokk fyrir grænar reiðleiðir, getur verið ruglandi ?

SE : það ætti ekki að vera flókið að setja þessar leiðir í sérflokk, einhver forritunarvinna. Þetta verður skodað með Loftmyndum.

7. Reiðvegaáætlunir og umsóknir um reiðvegafé 2019.

HH : sýnt yfirlit á breytingu á reiðvegafé frá árinu 2009 til ársins 2019.

Reiðvegafé 2009 - 2019				
Ár	Umsóknir hestamannafélaga	Úthlutun af vegafé	Framlag sveitarfélaga	Fé til ráðstöfunnar
2009	233.000.000 kr.	70.000.000 kr.	41.280.000 kr.	111.280.000 kr.
2010	194.000.000 kr.	60.000.000 kr.	39.940.000 kr.	99.940.000 kr.
2011	183.215.000 kr.	60.000.000 kr.	34.028.000 kr.	94.028.000 kr.
2012	204.374.000 kr.	60.000.000 kr.	31.400.000 kr.	91.400.000 kr.
2013	249.814.780 kr.	60.000.000 kr.	31.482.000 kr.	91.482.000 kr.
2014	308.336.040 kr.	60.000.000 kr.	52.232.915 kr.	112.232.915 kr.
2015	302.653.901 kr.	60.000.000 kr.	62.946.345 kr.	122.946.345 kr.
2016	256.139.786 kr.	60.000.000 kr.	68.945.000 kr.	128.945.000 kr.
2017	274.030.066 kr.	60.000.000 kr.	66.590.340 kr.	126.590.340 kr.
2018	305.683.363 kr.	60.000.000 kr.	65.206.640 kr.	125.206.640 kr.
2019	322.226.063 kr.	75.000.000 kr.	75.620.000 kr.	150.620.000 kr.
Samtals	2.833.472.999 kr.	685.000.000 kr.	569.671.240 kr.	1.254.671.240 kr.



ÖVB : áður en kemur að úthlutun vil ég segja frá stöðu Þjálfá í Þingeyjarsýslu, þar er aðeins einn maður sem er sér um reiðvegamálin á því svæði. Létir og Þjálfá hafa gert með sér samkomulag um að félögin sjái sameiginlega um reiðvegamál í Þingeyjarsýslu. Setja þarf upp áninghólf við Vaðlaheiðargöng austanmegin og einnig þarf að setja upp áninghólf í Ljósavatnsskarði.

8. Úthlutun reiðvegafjár 2019

HH : tillaga að úthlutun til ferðaleiða

Ferðaleiðir 2019							
Hestamannafélag:	R.nr:	Reiðleið	Umsókn 2019	Úthlutun 2019	Mótframl. Sveitarfél, aðrir	Fjárþörf	Fé til ráðstöfunar Alls
Adam	R 20.05	Tiðaskarðsleið; Kiðafellsá - Bleikdalsá	4.500.000 kr.	2.500.000 kr.	500.000 kr.	4.000.000 kr.	3.000.000 kr.
Adam	R 20.04	Esjuhlíðar; Bleikdalsá - Kollafjörður	7.000.000 kr.	0 kr.	800.000 kr.	0 kr.	800.000 kr.
Hörður	R 10.06	Pingvallaleið; Bugða - Kjósarskarð	3.108.000 kr.	0 kr.	0 kr.	3.108.000 kr.	0 kr.
Hörður	R407.01	Leggjabrjótsleið; Svartagil - Þórisgil	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Sóti		Breiðamýri - Sviðsholt	620.000 kr.	0 kr.	120.000 kr.	500.000 kr.	120.000 kr.
Smári	R 18.17	Skeiðavegur; Brautarholt - Reykjaréttir	5.000.000 kr.	0 kr.	0 kr.	5.000.000 kr.	0 kr.
Trausti	R 324.04	Lyngdalsheiði; Biskupsbrekkur - Kringiumýri	5.000.000 kr.	0 kr.	0 kr.	5.000.000 kr.	0 kr.
Ljúfur	R 13.07	Reiðleið upp Kamba	3.500.000 kr.	0 kr.	0 kr.	3.500.000 kr.	0 kr.
Smári	R 18.18	Árnesleið; Gunnbjarnarholt - Þrándarholt	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Logi	R 10.14	Tunguheiði; Gullfoss - Afréttarhlíð	4.000.000 kr.	2.000.000 kr.	0 kr.	4.000.000 kr.	2.000.000 kr.
Sleipnir	R 18.17	Skeiðavegur; Suðurlandsvegur - Merkuríaut	3.000.000 kr.	0 kr.	1.500.000 kr.	1.500.000 kr.	1.500.000 kr.
Suðursvæði 2	R 32.01	Með Landvegi; Pula - Hryggjavegur	4.000.000 kr.	2.000.000 kr.	0 kr.	4.000.000 kr.	2.000.000 kr.
Suðursvæði 2	R 32.02	Með Landvegi; Galtaekur - Tröllkonuhlaup	12.000.000 kr.	0 kr.	0 kr.	12.000.000 kr.	0 kr.
Snæfellingur	XX	Prestahraun; Prestahraun - Sveinsstaðir	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Borgfirðingur	R 23.02	Eskiholt Uxahryggir; Eskiholt - Hvítá v/Síki	1.500.000 kr.	0 kr.	500.000 kr.	1.000.000 kr.	500.000 kr.
Borgfirðingur	R 23.01	Eskiholt - Löngufjarur, Laxholt - Stangarholt	3.000.000 kr.	2.250.000 kr.	750.000 kr.	2.250.000 kr.	3.000.000 kr.
Stormur	XX	Dýrafjörður; Ketilseyri - Hvammur	2.000.000 kr.	0 kr.	0 kr.	2.000.000 kr.	0 kr.
Skagfirðingur	R 35.17-8	Vatnsskarð; Gýgjarfoss - Valadalur	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Þytur / Neisti	R 702.21	Hópið; Vaðhvammur - Ásbjarnarnes	2.750.000 kr.	2.500.000 kr.	0 kr.	2.750.000 kr.	2.500.000 kr.
Léttir	áning	Kaupangur; Áningastaður	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Þráinn	R 38.16	Skuggabjargarleið; Gamla Fnjóskábrú - Þjóðvegur	6.300.000 kr.	0 kr.	400.000 kr.	5.900.000 kr.	400.000 kr.
Freyfaxi	R -XXX	Iðavellir; Iðavellir - Uxalækur	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
			0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Grani	R 32.21	Reykjaheiði; Peistareykir - Keldunesheiði	1.000.000 kr.	0 kr.	0 kr.	1.000.000 kr.	0 kr.
			68.278.000 kr.	11.250.000 kr.	4.570.000 kr.	57.508.000 kr.	15.820.000 kr.

ÖVB : samþykki þessa tillögu, en legg til að Skuggabjargarleið fái úthlutun á næsta ári.

MH : Eldhestar borguðu fyrir áningahólf neðan við Þjófafossa og ætla að borga fyrir áninghólf við Einholt í sumar.

HH : tillaga að úthlutun til landssvæða.

Landssamband hestamannafélaga

Umsóknir og úthlutun á reiðvegafé fyrir árið 2019

Svæði:	Umsókn	Úthlutun	Mótframlag Sveitarfélag, aðrir	Til ráðstöfunar	Hlutfall	Hlutfall
	2019	2019		Alls	af úthl.	af heild
Suðvestursvæði, Reykjanes:	85.702.740 kr.	11.000.000 kr.	40.700.000 kr.	51.700.000 kr.	16,92%	33,22%
Suðursvæði 1, Suðurland vestur:	40.800.000 kr.	9.000.000 kr.	13.900.000 kr.	22.900.000 kr.	13,85%	14,72%
Suðursvæði 2, Suðurland austur:	29.775.000 kr.	6.000.000 kr.	5.400.000 kr.	11.400.000 kr.	9,23%	7,33%
Vestursvæði Vesturland / Vestfirðir	33.022.323 kr.	8.000.000 kr.	6.950.000 kr.	14.950.000 kr.	12,31%	9,61%
Norðursvæði 1, Norðvesturland:	17.800.000 kr.	8.000.000 kr.	4.300.000 kr.	12.300.000 kr.	12,31%	7,90%
Norðursvæði 2, Norðausturland:	32.550.000 kr.	8.500.000 kr.	10.400.000 kr.	18.900.000 kr.	13,08%	12,14%
Austursvæði, Austurland:	10.798.000 kr.	3.250.000 kr.	900.000 kr.	4.150.000 kr.	5,00%	2,67%
Ferðaleiðir	68.278.000 kr.	11.250.000 kr.	4.570.000 kr.	15.820.000 kr.	17,31%	10,17%
Reiðvegaskráning	3.500.000 kr.	0 kr.	3.500.000 kr.	3.500.000 kr.	0,00%	2,25%
Samtals kr.	322.226.063 kr.	65.000.000 kr.	90.620.000 kr.	155.620.000 kr.	100,00%	100,00%

HH : Marteinn er ekkert mótframlag frá Rangárþingi ?

MH : það komu kr. 1.200.000 frá Rangárþingi í áningahólf.

HH : þessar upphæðir/framlög eiga að koma fram í umsóknum, eða greinagerðum reiðvegaframkvæmda sem mótframlög.

MH : legg til að kr. 1.000.000,- verði flutt frá S1 yfir á S2.

Umræður um fjölda félaga á bakvið umsóknir á svæði S1 á móti umsóknum á svæði S2, út frá því er ekki mælt með því að breyta tillögu um úthlutun.

Tillaga til úthlutunar á reiðvegfé til landssvæða - samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál :

KP : Neisti fékk úthlutað úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða kr. 1.799.350 vegna uppbyggingar sem heitir "Áning á krossgötum" við Sveinstaði í A-Hún. Sótt var um árið 2017 en fengum þá synjun vegna ófullnægjandi gagna í umsókn. Óskað var eftir frekari skýringum á því sem ekki var í lagi. Ný og endurbætt umsókn var send inn 2018 sem skilaði þessum árangri.

HH : send var inn umsókn vegna merkinga á Kili en fengum synjun. Það verður óskað eftir frekari skýringum á þessarri synjun.

Skráð : Sæmundur Eiríksson.



Vegagerðin:

Fundur hjá Vegagerðinni

Frá fundi hjá Vegagerðinni Borgartúni 7, þriðjudaginn 19. Febrúar 2019, kl.12.45 – 13.30.

Mættir til fundarins voru :

Stefán Erlendsson framkvæmdarstjóri stoðsviðs hjá Vegagerðinni, Halldór H. Halldórsson formaður samgöngunefndar LH og Sæmundur Eiríksson formaður reiðveganefndar SV-svæðis.

HH : Afhent ársskýrsla Ferða – og samgöngunefndar LH 2018 og yfirlit yfir úthlutun og samantekt ársins 2018. LH fékk úthlutað frá Vg kr. 2.0 millj til merkinga reiðleiða á Kili. Verkefnið var unnið í samstarfi við Bláskógabyggð í framhaldi af því að til stóð að taka út af skipulagi og loka reiðleið um Þjófadali. Öll vinna við undirbúning og umsjón með gerð skiltanna var unnin í sjálfbodavinnu af HH og SE, einnig var uppsetning skiltanna unnin í sjálfbodavinnu af heimamönnum. Heildarkostnaður við skiltagerðina var kr. 1.482.380,- afgangurinn kr. 517.620, - var lagður í Reiðvegastjóð SV-svæðis.

STE : Í Samgönguáætlun 2019 – 2033 er gert ráð fyrir kr. 375 millj á næstu fimm árum í reiðvegi eða kr. 75 millj á ári, ekki hefur verið rætt hér innahúss um skiptinguna en ég geri ráð fyrir að það verði óbreytt, það er 10 millj verði til úthlutunar hjá Vg og LH hafi kr. 65 millj til úthlutunar.

HH : Legg til að Vg úthluti í kortasjá kr. 3.5 millj, sama upphæð og á síðasta ári.

HH : Sagt frá skipulagi í vinnslu í Grindavík, þar er verið að skilgreina reiðleiðir í nágrenni þéttbýlis og í allar áttir út frá því sem útivistarstíga og heimila umferð vélhjóla og fjórhjóla þar um með hestumferðinni. Reiðleið til vesturs út að Reykjanestá sem alfarið var kostuð af reiðvegafé og liggur að mest leyti innan helgunarsvæðis akvegjar er skilgreind sem útivistarstígur. Er eitthvað hægt að gera í þessu annað en að senda inn athugasemdir við skipulag?

STE : Vg ætti að fá skipulag til umsagnar, mun ræða þetta við Ernu sem sér um skipulagsmálin. Hugsanlega væri hægt að gera athugasemd við það að setja saman alla þessa ferðamáta út frá öryggisjónarmiði.

Rætt um öryggisgirðingar milli reiðleiða og akvegjar. Sent var á Ferða- og samgöngunefnd LH spurning um það hvornig þessu væri háttáð á hverjum stað. Úr þeim svörum virðist niðurstaðan vera sú að hafa léttu staura og hvíta snúru.

Ný umferðarlög er í meðferð Alþingis.

SE :Með því að skilgreina reiðleið sem útivistarstíg er hægt að komast framhjá banni við akstri vélknúinna ökutækja á skilgreindum reiðleiðum eins og segir í frumvarpi um ný umferðarlög.

STE : Í Samgönguáætlun er upphæð kr. 250 millj til næstu fimm ára sem úthluta skal til samgönguleiða. Þetta eru óskráðir vegir, t.d. afréttarvegir og smalavegir. Sveitarfélög hafa sótt um styrki í þennan sjóð.

Skráð Sæmundur Eiríksson



Árið 1982 var gert samkomulag milli Landssambands hestamannafélaga og Vegagerðarinnar varðandi umferð ríðandi manna þegar vegir eru lagðir bundnu slitlagi út frá þéttbýli eða annarsstaðar þar sem vænta má mikillar umferðar. Hestamönnum hefur ekki alltaf þótt þetta samkomulag virka sem skildi og því var eftirfarandi erindi sent til Vegagerðarinnar.

Vegagerðin
Stefán Erlendsson
deildarstjóri stoðsviðs
Borgartúni 7
105 Reykjavík
stefan.erlendsson@vegagerdin.is

Reykjavík 10. júní 2019.

Efni:

Samkomulag milli Landssambands hestamannafélaga og Vegagerðar ríkisins um gerð reiðvega, dags. 07.05.1982.

Fyrir um þrjátíu og sjö árum rituðu Gunnar Gunnarsson, þá deildarstjóri lögfræðideildar Vegagerðarinnar og síðar aðstoðarvegamálastjóri, og Stefán Pálsson formaður Landssambands hestamannafélaga undir samkomulag um aðkomu Vegagerðarinnar að reiðvegagerð þegar akvegir eru lagðir bundnu slitlagi.

Í 1. gr. samkomulagsins segir: Þegar stofnbrautir eða þjóðbrautir með bundnu slitlagi eru lagðar út frá þéttbýlissvæðum eða annars staðar, þar sem búast má við mikilli umferð, skal þess gætt að haga framkvæmdum á þann veg, að umferð ríðandi manna megi verða sem greiðust, t.d. með gerð reiðvega á vegsvæði meðfram vegum, ef þess er kostur, enda hafi komið um það tillaga frá samstarfsnefnd, sbr. 2. og 3. gr.

Í febrúar 2003 skilaði nefnd samgönguráðherra, *Nefnd um viðbótarfjáröflun til reiðvega Febrúar 2003*, álit sínu. Fulltrúi fjármálaráðuneytisins í nefndinni skilaði séráliti og vitnaði m.a. í ofangreint samkomulag og bendir á að gert sé ráð fyrir að þegar nýir vegir séu lagðir sé gerð reiðleið meðfram veginum eða á öðrum stað frá veginum kostuð af nýbyggingafé vegarinnis samkvæmt samgönguáætlun.

Öll umferð hefur margfaldast síðan samkomulagið var undirritað, bæði akandi og umferð ríðandi manna. Hestamönnum þykir Vegagerðin ekki horfa til þessa samkomulags eða þá a.m.k. sjaldan þegar vegir eru byggðir upp og lagðir bundnu slitlagi. Vegagerðin er víða að, eða áformar að leggja bundið slitlag á héraðs- og tengivegi þar sem mikil hestaumferð er. Hestatengd ferðaþjónusta er víða í sveitum landsins sem og hestabúgarðar og mikil hestaumferð þeim tengd.

Hver er afstaða Vegagerðarinnar til ofangreinds samkomulags ?

Halldór H. Halldórsson
Ferða- og samgöngunefnd LH.

Fylgiskjal: Skýrsla nefndar um viðbótarfjáröflun til reiðvega



Eftir að leitað var viðbragða stjórnar Vegagerðarinnar við erindinu barst eftirfarandi svar:

•

From: Stefán Erlendsson [mailto:stefan.erlendsson@vegagerdin.is]
Sent: 9. september 2019 18:23
To: Bílamálun Halldórs
Cc: Sæmundur Eiríksson; Magnús Valur Jóhannsson; Jónas Snæbjörnsson
Subject: RE: erindi til vegagerðarinnar

Sæll Halldór.

Yfirstjórn Vegagerðarinnar tók erindið fyrir og ræddi á fundi fyrr í sumar.

Það er ljóst að ýmislegt hefur breyst á undanförmum áratugum og á ýmsan hátt aðrar áherslur sem kunna að koma fram gagnvart einstaka verkefnum. Umferð um vegi landsins hefur farið stigvaxandi undanfarna áratugi. Í seinni tíð hefur fjölgað mjög í hópi þeirra ökumanna á vegunum sem óvanir eru ríðandi umferð á eða meðfram vegum. Þegar litið er til öryggis allra vegfarenda er því ekki víst að sömu lausnir henti og áður og kann það að hafa komið fram í einhverjum tilvikum.

Einnig má nefna að skilgreining á legu reiðleiða fer fram á skipulagsstigi og krefst því breyttrar aðkomu frá því sem var þegar umrætt samkomulag var gert. Breytt viðhorf í samfélaginu m.a. til landnýtingar, umhverfisverndar sem og eignarhalds lands kann einnig að hafa haft áhrif til að auka flækjustigið þegar finna þarf ríðandi umferð leið. Margt hefur þó áunnist og má þar m.a. horfa til þess góða starfs sem þið hjá LH hafið unnið við að kortleggja og skilgreina reiðleiðir og styrkt hefur verið á undanförmum árum.

Til þess að svara spurningu ykkar þá er ekki kannast við það hjá yfirstjórn Vegagerðarinnar að dregið hafi úr vilja til þess að horfa til þess meginsjónarmiðs sem liggur til grundvallar samkomulaginu eins og það er skilið af Vegagerðinni, þ.e. að þegar unnið er að endurbótum á vegakerfinu sé hugað sérstaklega að reiðleiðum og gert ráð fyrir þeim eins og kostur er.

Ég legg til að við hittumst á fundi á næstunni og ræðum nánar þau tilvik sem þið teljið tilefni til að finna að í framkvæmd hjá okkur og freistum þess að finna þeim málum réttan farveg.

Með kveðju



Stefán Erlendsson, lögmaður, LL.M
Forstöðumaður lögfræðideildar

Fundur með Stefáni Erlendssyni hefur verið settur á dagskrá miðvikudaginn 9. október nk.

❖

Skipulagsmál:

Athugasemdir hafa verið gerðar við aðal- og deiliskipulög sveitarfélaga, það hafa bæði verið jákvæðar og neikvæðar athugasemdir.

Í samþykktu deiliskipulagi Bláskógabyggðar er fyrirhugað að bæta aðstöðu fyrir bæði hesta og menn í „FJALLASKÁLUM“. Sambærilegar deiliskipulagslýsingar eru nú í kynningu fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp sem og Hrunamannahrepp.

Athugasemd var gerð við aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps þar sem nokkrar af núverandi reiðleiðum vantar inn á nýtt skipulag.

Á Akureyri hefur reiðleið verið lokað yfir vestustu kvísl Eyjafjarðarár og ekki vitað á þessari stundu hvenær ný brú og reiðvegur að miðbrú verður tilbúinn. Bæjaryfirvöld eru að reyna að fá Vegagerðina og Isavia að borðinu varðandi fjármögnun verksins. Á meðan þetta ástand varir þá er ekki önnur leið fær ríðandi umferð austur fyrir Eyjafjarðará en um Drottningabraut og Leiruveg, hjá N1.

Undirritaður hefur verið í sambandi við Léttismenn vegna málsins, hmf. Léttir sendi frá sér eftirfarandi fréttatilkynningu:

Fréttatilkynning. Staðan vegna reiðleiðar austur yfir Eyjafjarðará:

Eins og öllum hestamönnum er kunnugt kom upp umræða í upphafi síðasta árs að vegna uppsetningar aðflugsbúnaðar svokallaður ILS búnaður við Akureyrarflugvöll sem er nauðsynlegur til að efla millilandaflug, þá þurfti að loka núverandi reiðvegi að og á vestustu brú Eyjafjarðarár sem lendir inn á öryggissvæði flugvallarins og leggja þess í stað nýjan reiðveg suðaustan við flugvöllinn og byggja nýja brú yfir vestustu kvísl Eyjafjarðarár og leggja nýjan reiðveg á Stórhólmann norður á miðbrú. Einnig að færa núverandi „flugvallarrétt“ og aðhald sem lendir sömuleiðis innan svæðis vallarins.

Við hestamenn vorum upplýstir um þetta í febrúar 2018 sem og skipulaginu breytt sem við samþykktum sem gerir ráð fyrir breyttri legu reiðleiðar og á nýja reið- og göngubrú yfir vestustu kvísl Eyjafjarðarár og allar götur síðan þá höfum við forsvarsmenn Léttis verið meira og minna í samtölum við bæjaryfirvöld sem og hönnuði um nýja reiðleið, nýtt staði fyrir rétt og nýja brú.

Við Léttismenn höfum í öllum okkar samtölum við bæjaryfirvöld sem og hönnuði látið það koma skýrt fram að ekki væri verjandi að loka núverandi reiðleið fyrr en ný leið væri komin. Um þetta hefur engum mátt dyljast allt ferlið sem og innan bæjarins og öllum mátti vera ljóst að ekki væri hægt að loka reiðleiðinni nema önnur fær kæmi í staðinn. Við höfum átt í samtölum við Isavia og höfum fullan skilning á þeirra vilja til að efla millilandaflug og þar deilum við skoðun okkar algjörlega með þeim. Samstarf okkar við Isavia hefur verið eins og best er á kosið hvað þetta allt varðar.

Í vor var það rætt að mögulega þyrfti að loka reiðleiðinni í apríl á þessu ári vegna uppsetninga nýja ILS aðflugsbúnaðarins en því mótmæltum við hestamenn enda á háannatíma hestamanna og hestaferða. Var á okkur hlustað og ákveðið að loka reiðleiðinni nú í byrjum september og það samþykktum við í þeirri bjargföstu trú okkar að ný brú ásamt reiðleið, yrði orðin að veruleika ekki síðar en í janúarlok á árinu 2020. Þessi framkvæmdatími, september til og með janúar væri ekki að trufla starfsemi okkar hestamanna og því ákváðum við hestamenn að rífa „flugvallarréttina“ nú í byjun september og nýta það efni sem hægt væri í að setja upp nýja rétt sunnan við fyrirhugaðan reiðveg að nýrri brú.

Eins og að ofan greinir höfum við Léttismenn verið með í ráðum við hönnum nýrrar reiðbrúar á Eyjafjarðará og nú í byrjum september var hönnum glæsilegrar reið og göngubrúar lokið ásamt legu nýs reiðvegar og staðsetning nýrrar réttar og ekkert því til fyrirstöðu að fara með verkið í útboð að hálfu Akureyrarbæjar.

Þessi lokafundur hönnunnar var haldinn 5. september s.l. Sama dag var reiðleiðinni austur yfir Eyjafjarðarðará formlega lokað.

Daginn eftir, þann 6. september, voru formaður og framkvæmdastjóri Léttis kallaðir á fund bæjaryfirvalda á Akureyri þar sem þeim var tilkynnt að Akureyrarbær gæti ekki fjármagnað né byggt nýja brú á Eyjafjarðará eins og allar áætlanir höfðu þó gert ráð fyrir. Framkvæmdin væri ekki verjanleg vegna annarra verkefna bæjarins að mati fulltrúa meirihluta bæjarstjórnar Akureyrar.

Þetta var því líkt kjaftshögg og algjör trúnaðarrestur blasir við. Þetta var algjört reiðarslag fyrir okkur sem í þessu viðræðum höfum staðið í góðri trú, við áttum ekki eitt einasta orð.

Verði þessi niðurstaða að veruleika eru hestamenn hér í bæ lokaðir inni í suður við Brunná og komast ekki til suðurs fram Eyjafjörðinn, né til austurs yfir í Þingeyjarsýslu. Einnig er hér um að ræða þjóðleið hestamanna ekki bara Akureyringa, heldur hestamanna almennt á milli landshluta. Er hér um mjög grófa aðför að okkur hestamönnum að ræða svo ekki sé nú talað um algjöran trúnaðarrest milli okkar og bæjarins sem og niðurstaða sem við hestamenn munum ekki undir neinum kringumstæðum una.

Eina færa reiðleiðin í dag fyrir okkur hestamenn á Akureyri til austurs og eða fram fjörðinn er að fara á þjóðveg númer 1. yfir Leirubrú innan um bílaumferð sem er bæði mjög þung og hröð. (samkvæmt talningu vegagerðar ca. 3000. bílar á sólarhring) og ef ekki verður komin önnur leið þegar hestamenn fara að hugsa sér til hreyfings í upphafi næsta árs verður Drottningarbraut, Leiruvegur og Leirubrú ásamt Eyjafjarðarbraut eystri reiðleið okkar hestamanna. Þessi staða blasið því miður við.

Við höfum síðustu daga reynt að ná samtölum við þingmenn Norðausturskjördæmis og kallað eftir aðstoð frá þeim, en því miður er greinilega ekki mikil áhugi né skilningur þingmannanna okkar að hjálpa okkur í þessu máli. Við vildum fá að hitta þingmannahópin allan strax til að koma okkar sjónarmiðum á framfæri og gera mönnum ljóst hvaða afleiðingar það hefur verði ekkert að gert. Okkur er boðið að hitta þingmannahópin eftir tæpan mánuð hér í kjördæmavíku, en að okkar mati verður að koma lausn nú þegar svo möguleiki verði á að ný reiðleið verði opnuð í upphafi næsta árs, um annað er ekki að semja. Allt sem þarf er vilji og skilningur yfirvalda á að þessi staða geti ekki gengið.

Við forsvarsmenn Léttis höfum nú síðustu daga verið að tala óformlega við bæjaryfirvöld en ekkert er í hendi enn sem komið er, því miður og tíminn líður dag frá degi. Því miður er útlitið ekki hjart. Ágætu Léttisfélagar.

Svona er staðan núna.

En ljóst má vera að þetta mál sem er að okkar mati eitt það allra stærsta sem stjórn Léttis fyrr og síðar hefur fengið í fangið, mun verða fyrirferðamikil í starfi stjórnarinnar þangað til viðunandi lausn finnst.

Hestamannafélagið Léttir / Reiðveganefnd Léttis.

•

Reiðleið um Esjuhlíðar.

Þau gleði tíðindi urðu fimmtudaginn 29. ágúst, höfuðdag, að reiðleiðin / þjóðleiðin með Esjuhlíðum var opnuð á ný eftir lokun í hartnær 50 ár. Reiðleiðin liggur úr Kollafirði með Esjuhlíðum og kemur inn á reiðleiðina um Eyrafjallsveg neðan Tindstaða um 20 km leið. Það var um 1970 sem landeigendur lokuðu þessari leið fyrir hestaumferð, leiðin hefur þó verið sýnd sem reiðleið á aðalskipulagi Reykjavíkur frá sameiningu Kjalarness við Reykjavík. Það hefur verið mikill vilji til þess meðal hestamanna að fá þessa gömlu leið opnaða aftur fyrir hestaumferð. Það hefur verið reynt af og til frá sl. aldamótum án árangurs fyrr en nú. Hitann og þungann af því að semja við landeigendur (sem eru fleiri en tuttugu) báru þeir Óðinn Elisson

formaður hmf. Adams, Sigurbjörn Magnússon lögmaður og Grétar Þórisson Kirkjulandi og tókst þeim að koma því saman á undanförunum þremur árum.

Reiðleiðin er höfð sem náttúrulegust, rétt helstu hindrunum rutt úr vegi og girðingar settar upp þar sem þurfti. Styrkur frá reiðvegasjóði LH 2.5 m. kr. ásamt styrk frá Vegagerðinni dugði til þess að klára verkið og einnig lögðu hestamenn í Kjósinni til vinnu og tæki í verkið. Rétt er að á málga það að rekstur lausra hrossa er bannaður á reiðleiðinni.



•
Á höfuðborgarsvæðinu hafa hestamenn verið kallaðir að undirbúningsvinnu vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Rauðavatni að Hólmsá, sú vinna er með Verkfræðistofunni Eflu. Dagný Bjarnadóttir formaður reiðveganefndar Fáks fer fyrir hestamönnum í þeirri vinnu.

•
Fundur var haldin með Ragnari Gauta Haukssyni samgönguverkfræðingi hjá Eflu og Katrínu Halldórsdóttur hjá Vegagerðinni, en þau eru í forsvari fyrir gerð hönnunarleiðbeininga fyrir reiðhjól sem er samstarfsverkefni sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.


Umræðuefni; skörun reiðstíga og hjólastíga. Hestamenn eru sáttir við að gerð sé tilraun með að jarðvegsristar (ecoraster, ecogrid) séu notaðar í gatnamót reiðstíga og hjólastíga. Talsvert er farið að nota þessar ristur í göngustíga á álagssvæðum með góðum árangri, *sjá* www.ecogrid.uk.com

Reglan er og verður sú að hjólandi umferð er víkjandi fyrir ríðandi umferð. Öryggislínur, þverlínur (buldurspölur) verða settar á reiðstíga beggja vegna skörunarinnar svo sem sýnt er í Reiðvegahandbókinni bls.17. Einnig rætt um að setja upp biðskyldumerki, sérstaklega þar sem blint er eða sýn yfir þverunina er ekki góð. Einnig rætt um æskilegt bil á milli reiðstígs og hjólastígs þar sem þeir liggja samsíða.

Hjólastígur þverar reiðveg

Þar sem hjólastígur og reiðstígur mætast er æskilegt að hjólandi vegfarendur víki þar sem auðveldara er að stjórna reiðhjóli en hesti. Þar að auki geta hestar fælst hjólandi vegfarendur.

Til að draga úr hraða hjólandi eru öryggislinur eða buldurspilur málaðar með ákveðnu millibili og fjarlægð frá reiðstíg, sjá mynd 59. Yfirborð stígamóta er lagt með jarðvegsgrindur fyltar með þunni möl. Grindurnar ná að lágmarki 1,0 m inn á reiðstíg beggja vegna stígamótana.



Mynd 59. Stígamót hjólastígs og reiðstígs.

Besta lausnin er þó alltaf að forðast þveranir við reiðstíga.

Tillaga að lausn við þverun stíga.

Erindi var sent bæjarráði Garðabæjar vegna framkvæmda í Urriðaholti og þeirrar ógnunar sem ríðandi umferð stafar af framkvæmdunum.

Efni: Reiðvegur með Elliðavatnsvegi um Urriðaholt.

Ágæta bæjarráð hestamenn hafa verulegar áhyggjur af öryggi sínu á reiðvegi um Urriðaholt vegna framkvæmda sem þar eiga sér stað.

Reiðvegur um ofangreint svæði var lagður af Vegagerðinni og hestamannafélögum á höfuðborgarsvæðinu þegar Elliðavatnsvegur var lagður bundnu slitlagi um eða upp úr 1990. Reiðvegurinn var lagður með samþykki Garðabæjar, var og er á aðalskipulagi. Reiðvegurinn er á

vegheggunarsvæði Elliðavatnsvegar sem er undir forsjá Vegagerðarinnar. Fyrir fáum árum var gerð mön milli reiðvegarinn og fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis á Urriðaholti. Skilyrt var af Vegagerðinni að ekki yrði hróflað við reiðveginum vegna framkvæmda í Urriðaholti, það hefur ekki gengið eftir.

Staðan er sú í dag að verulega hefur þrengt að reiðveginum, mönin sem getið er hér að framan er horfin og djúpir skurðið komnir í staðinn. Það hafa verið miklar framkvæmdir undanfarið við frárennslislagnir, gatnagerð ofl. Mikil hætta getur skapast við þessar aðstæður, 1/2 - 1 mtr. í 2 - 4 mtr. djúpa skurði. Á um 300 mtr. kafla hefur efni verið tippað á reiðveginn þannig að breidd á honum þar er rétt um 1/2 mtr. eða rétt bara sem sporaslóð og útilokað að mæta annarri hestaumferð þar. Það segir sig sjálf að af þessu er mikil slyshætta því á hina höndina eru um 2 mtr. í bílaumferð sem er á allt að 90 km hraða. Það þarf ekki mikið útaf að bera til að illa geti farið.

Við þetta getur ekki gengið, slyshætta er mikil og afar brýnt er að varanleg lausn sé fundin fyrir framtíðarskipan reiðvegamála milli Garðabæjar og Hafnarfjarðar.

Reiðveganefnd hestamannafélagsins Spretts hefur í samráði við stjórn félagsins ákveðið að loka reiðveginum um Urriðaholt fyrir hestaumferð meðan ríkjandi ástand er á og við reiðveginn. Hestamenn eru ávallt reiðubúnir til viðræðna og að leita lausna vegna reiðvega og öryggismála þeim tengd.

Í framhaldi var fundað með bæjarstjóra Garðabæjar, fram kom að bæjaryfirvöld eru tilbúin að láta af hendi línuveg austan golfvallar Oddfellowa undir reiðveg í Hafnarfjörð, en bentu á aðra aðila en bæjarfélagið og framkvæmdaraðila í Urriðaholti til að kosta reiðvegagerðina. Þar við situr enn sem komið er.

•

Í skipulagslýsingu fyrir nýtt aðalskipulag Grindavíkur er áform uppi um að núverandi reiðstígar verði flokkaðir sem útivistastígar, því hefur verið mótmælt hressilega af Brimfaxamönnum. Hestamenn hafa lagt fjármuni og vinnu í þá reiðstíga sem fyrir eru í Grindavík og nágr. og ólíðandi með öllu að hleypa allskonar umferð á þá.

❖

Reiðvegahandbókin:

Vinna við endurskoðun Reiðvegahandbókarinnar sem kom út árið 2006 er enn í gangi en miðar hægt, fundir verið strjálir vegna annríkis. Reiðvegahandbókin er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og Landssambands hestamannafélaga. Ýmsar aðstæður hafa breyst og því talin þörf á endurskoðun og uppfærslu bókarinnar. Þrír fundir þar af tveir vinnufundir voru haldnir sl. vor, framhald verksins verður svo með haustinu. Verkið leiðir Haraldur Sigursteinsson frá Vegagerðinni, frá LH Ferða- og samgöngunefnd eru þeir Halldór H. Halldórsson og Sæmundur Eiríksson. Á þessari stundu er ekki hægt að segja til um hvenær endurskoðun verði lokið og ný útgáfa bókarinnar líti dagsins ljós.

❖

LH þing var haldið á Akureyri 12 – 13. október 2018.

Engin tillaga lá fyrir Ferða- og umhverfisnefnd þingsins en nefndin ályktaði um þrjú mál sem framkoma í fundargerð Ferða- og umhverfisnefndar þingsins. Eftir talsverðar umræður í nefndinni voru þrjár eftirfarandi ályktanir til stjórnar samþykktar:

1. Ferða og umhverfisnefnd þingsins beinir því til stjórnar LH að leita eftir skýrum svörum til umboðsmanns Alþingis hvort að lagalegur réttur ríðandi umferðar meðfram ám og vatnsbökkum, sé til jafns við gangandi umferð.

Greinargerð:

Borið hefur á því að landeigendur loka fyrir leiðum sem samkvæmt hefðum hafa verið færar ríðandi umferð.

2. Nefndin beinir því einnig til stjórnar LH að gamlar aflagðar girðingar sem eru á vegum opinberra aðila t.d. Mast, sveitafélaga og Vegagerðar, verði send tilmæli um að fjarlægja þær.

Greinargerð:

Víða liggja ónýtar girðingar niðri og eru á ábyrgð ofangreindra aðila og geta valdið stórhættu fyrir hross og menn.

3. Nefndin leggur til að settur verði kraftur í öryggismál og forvarnir einkum er snýr að skörun hjólandi og ríðandi umferðar. Samtal og samráð við samtök hjólréiðafólks væri æskilegt.

Greinargerð:

Aukin umferð hjólandi í nálægð við reiðleiðir og skörun þeirra getur víða valdið slyshættu. Nauðsynlegt er að uppfæra hjólréiðamenn um þá hættu sem getur skapast við ákveðnar aðstæður.

Vaðandi fyrstu ályktunina þá hefur Ferða- og samgöngunefnd LH fengið í hendur ályktun Laganefndar LH vegna tillögu að breytingum á náttúruverndarlögum nr. 60/2013. Samkvæmt ályktun Laganefndar LH þá ætti ríðandi umferð að vera heimil för eftir slóðum um ár- og vatnsbakka. Ferða- og samgöngunefnd LH er ekk kunnugt um hvort fyrirspurn hafi verið send Umboðsmanni Alþingis til úrlausnar.

Í annari ályktun LH girðingamál þings þá er það mál í vinnslu undir stjórn Vilhjálms Ólafssonar formanns nefndar um úrbætur í reiðvegumálum.

Vaðandi þriðju ályktun LH þings þá er því til að svara að fundað hefur verið með höfundum rits um hönnunarleiðbeiningar fyrir reiðhjól, en þær leiðbeiningar eru samstarfsverkefni sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, SSH. Fundargerð og tillögur eru hér framar í skýrslunni undir skipulagsmál.



Umferðarlög:

Sem kunnugt er þá hafa hestamenn barist fyrir því að reiðvegir séu skilgreindir í lögum og jafnframt að akstur vélknúinna ökutækja sé bannaður á skilgreindum reiðvegum. Ný umferðarlög voru samþykkt á 149 löggjafarþingi og taka gildi 1. janúar 2020. Þar eru ákvæði um þetta svo sem sjá má á eftirfarandi sem er að finna í hinum nýju Umferðarlögum.

IV. KAFLI

Umferðarreglur fyrir ökumenn.

17. gr.

Notkun akbrauta.

Ökumaður skal aka á akbraut. Bannað er að aka eftir gangstétt, göngustíg, hjólastíg og göngugötu, sbr. þó 2. mgr. 27. gr., 1. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 46. gr. Sama á við um almenna reiðstíga sem skipulagðir hafa verið á vegum sveitarfélags og eru merktir sem slíkir.

Úr 3. gr. skilgreiningar.

30. *Reiðstigur*: Vegur eða stigur skipulagður af sveitarfélagi sem ætlaður er sérstaklega fyrir umferð reiðmanna á hestum og er merktur þannig.



Náttúruverndarlög:

Í samráðsgátt stjórnvalda var kynnt drög að breytingum á lögum um náttúruvernd, nr.60/2013. Einkum var átt við kafla er varðaði almannarétt og útivist.

Undirritaður lagði til við stjórn LH að send yrði inn tillaga að breytingum á 20 gr. náttúruverndarlaga og myndi hú þá hljóða svo:

Umferð ríðandi manna

■ 20. gr. *Umferð ríðandi manna.*

- Þegar farið er ríðandi um landið skal fylgt skipulögðum reiðstígum eins og kostur er. Bannað er að reka [hross]¹⁾ yfir gróið land þannig að náttúruspjöll hljótist af eða hætta skapist á náttúruspjöllum.
- Á ferð um hálendi og önnur lítt gróin svæði skulu menn hafa tiltækt nægilegt aðflutt fóður fyrir hross sín.
- Heimilt er mönnum, að fengnu leyfi eiganda eða réttihafa eignarlands þegar við á, að slá upp aðhöldum eða næturhólfum fyrir hross, enda valdi það ekki spjöllum á náttúru landsins. Á hálendi skal þeim valinn staður á ógrónu landi sé þess kostur.
- Þegar farið er á hestum um eða höfð viðdvöl með hross á náttúruverndarsvæði, sbr. XIV. kafla, þar sem starfandi er landvörður eða umsjónaraðili skal haft samráð við hann.
- [Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um umferð ríðandi manna og rekstur hrossa.]

□ Nú liggur skilgreind reiðleið eða þjóðleið um eignarlönd þá getur landeigandi eða umráðamaður lands ekki einhliða lokað þeirri leið með girðingum eða með öðrum hætti nema samþykki sveitarstjórnar komi til og önnur greið leið komi þá í staðin.

Tillaga að breytingu er með skyggða textanum, tillagan var send Laganefnd LH til yfirlstrar og ályktunar, álit laganefndar fer hér á eftir:

Laganefnd hefur skoðað erindi ferða- og samgöngunefndar vegna tillögu nefndarinnar um breytingu á 20. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Tillagan er sú að við 20. gr. laganna verði bætt við svohljóðandi ákvæði sem 6. mgr.:

“Nú liggur skilgreind reiðleið eða þjóðleið um eignarlönd þá getur landeigandi eða umráðamaður lands ekki einhliða lokað þeirri leið með girðingum eða með öðrum hætti nema samþykki sveitarstjórnar komi til og önnur greið leið komi þá í staðin.”

Laganefnd bendir á að það er nú þegar ákvæði í lögum um náttúruvernd sem taka til þessa tilviks sem þessi breytingartillaga fjallar um og í reynd virðist breytingartillagan ganga skemur en gildandi ákvæði laganna, en í 26. gr. laganna segir orðrétt:

“Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakknum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.”

Í greinargerð laganna segir um ofangreint ákvæði 26. gr. laganna:

“Ákvæði 2. máls. 1. mgr. um girðingar yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg miðar að því að tryggja greiða leið manna um skipulagða stíga og fornar leiðir. Ákvæðið tengist 55. gr. vegalaga þar sem gert er ráð fyrir að leyfi sveitarstjórnar þurfi til að hindra umferð um vegi, stíga eða götutroðninga sem liggja yfir eignarland.

Í hvítbók er bent á að í ýmsum tilvikum hafi verið farið á svig við ákvæðið um bann við því að setja niður girðingu á vatns-, ár eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Því sé þörf á að lögin hafi að geyma úrræði fyrir almenning í slíkum tilvikum. Í 29. gr. er mælt svo fyrir að sá sem verður var við hindranir sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum skv. IV. kafla geti krafist úrlausnar Umhverfisstofnunar um lögmati þeirra.”

Með vísan til ofangreind, telur laganefnd að umrædd tillaga bæti í engu við rétt þann sem núgildandi lög kveða á um og í reynd virðist tillagan ganga skemur.

Laganefnd telur því ekki skynsamlegt að leggja til þessa breytingu á lögnum.

Laganefnd LH

Ekki varð af því að gerð væri athugasemd við náttúruverndarlög nr 60/2013.



Umhverfisstofnun:

Erindi hafa borist Ferða- og samgöngunefnd LH frá Umhverfisstofnu vegna friðlýsinga á nokkrum svæðum sem og einnig kynninga á stjórnunar og verndaráætlunum⁸. Nefna má m.a. Reykjatorfuna í Ölfusi, svæði í Þjórsárdal, jörðin Drangar á Ströndum sem og náttúruvættið Bárðarlaug á Snæfellsnesi.

Ferða- og samgöngunefnd LH hefur gert viðeigandi athugasemdir vegna reiðleiða á þessum svæðum eftir sem við á.

Á vegum stjórnvalda hefur verið í samráðsgátt umsagnarferli vegna miðhálandisþjóðgarðs s.s. skilgreining á mörkum miðhálandisþjóðgarðs, skiptingu í verndarflokka o.fl.

Ferða- og samgöngunefnd LH tekur ekki afstöðu til miðhálandisþjóðgarðs, en gerir kröfur til óheftra reiðleiða um hálendið hvort heldur sem verður.



Kortasjá:

Samgöngunefnd LH vinnur að skráningu reiðleiða í kortasjá, skráningin er unnin í samstarfi við Loftmyndir ehf. Einungis þær reiðleiðir sem eru á staðfestu aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags eru settar í kortasjána. Reiðleiðirnar skiptast í þrjá flokka, þéttbýlis-, stofn- og héraðsleiðir. Allar reiðleiðir í kortasjónni fá ákveðin númer og kaflanúmer, númerakerfið er unnið í samstarfi við Vegagerðina.

Það sem af er ári er búið að setja inn viðbót í Kortasjá og auk þess gerðar nokkrar breytingar og leiðréttingar. Skráning er hafin á reiðleiðum á norðaustur og austurlandi. Heildarlengd reiðleiða í kortasjá er nú 12895 km. Reiðleiðir ná nú frá Lómagnúpi í austri, um Suðurland, Vesturland, Norðurland og Norðausturland. Kortasjain er til mikilla hagsbóta og öryggis fyrir skipulag hestaferða, hægt er að hlada niður GPS ferlum af hverri reiðleið fyrir sig. Einnig kemur fram heiti hverrar reiðleiðar og lengd í km. Það að geta hladið niður ferlum af reiðleiðinni stuðlar að miklu öryggi hestaferðamanna sem og gangandi manna sem einnig geta nýtt sér reiðleiðirnar. Skráning og kortlagning reiðleiða og gott aðgengi að þeim upplýsingum stuðlar að því að beina umferð hestamanna inn á samþykktar reiðleiðir og vernda þar með viðkvæm svæði á landinu. Markmið með kortasjónni er að safna öllum reiðleiðum á landinu í einn kortagrunn sem er öllum aðgengilegur.

Hægt er að teikna inn reiðleiðir og senda þær til umsjónarmanns skráningar reiðleiða, en ath. þarf að reiðleiðin skal vera á samþykktu skipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Nýjung í kortasjá er myndir af reiðleiðum og aðstöðu þeim tendum:

Eins og glöggir notendur kortasjárinnar hafa séð að þá er nú möguleiki að setja inn myndir í kortasjána. Umsjónarmenn kortasjárinnar óska eftir myndum frá hestamönnum til að bæta í kortasjána. Æskilegt er að myndirnar sýni glögglega aðstöðu við reiðleiðirnar t.d. áningastaði, skála, fallegar landslagsmyndir þar sem reiðleiðin sést. Ekki er óskað eftir myndum sem sýna bara vínahópa eða fólk við aðrar aðstæður sem koma reiðleiðunum ekki við. Fólki er bent á að stofna aðgang á Flickr sem er einskonar myndaalíbú á netinu og er frítt fyrir amk. fyrstu þúsund myndirnar. (Sjá skýringar hér neðar).

Stóra myndin hjá Flickr er sú að allir sem vilja setja inn myndir þurfa að stofna aðgang. Þegar það er búið er mjög einfalt að senda mynd beint frá símanum sínum inn á Flickr albúmið sitt. Það er bara eigandi að hverju Albúmi og bara hann sem getur sett þar inn myndir. Grúppur eru síðan hugsaðar til að deila myndum margra á einum stað þannig að það geta margir sett inn myndir á Grúppur. Þeir hestamenn sem hafa áhuga á að setja inn myndir á kortasjána þurfa:

1: Stofna aðgang á Flickr og sækja um að fá leyfi til að bæta inn myndum á LH grúppuna

2: Taka mynd og setja inn á Flickr albúmið "mitt". **ATH. myndirnar verða að hafa GPS staðsetningu. Í Iphone er GPS staðsetning sjálfgefin en í Android þarf að gefa símanum þessa heimild.**

3: Opna Flickr í vafra eða nota Appið til að "senda" myndina úr albúminu yfir í grúppu LH.

4: Þegar umsjónamaður LH á grúppunni er búinn að samþykkja myndina birtist hún á kortasjáni.

Allir nýrri myndavélasímar eru í dag með möguleika á að senda myndir beint inn á Albúm viðkomandi eða þá að það er hægt að setja inn myndir eftir á. Hægt er að hlaða ókeypis niður Flickr APPinu frá Google Playstore (fyrir Android síma) og Appstore (fyrir Iphone síma) þar sem hægt er að vinna með myndirnar **OG/EÐA** senda þær yfir í Grúppu.

Hægt er líka edita myndina beint í group og það skilar sér á Kortasjáni líka eins og þú myndir gera það beint inn í albúminu.

Auðveld leið til þess að bæta mörgum myndum við beint í groupuna er að láta músarbendilinn yfir **You** efst uppi þegar þú ert kominn inn á **flickr**.

Þar velurðu **Organize** og þar geturðu bætt mörgum myndum frá albúmunum þínum yfir í group, eða editað margar myndir í einu og svo fært þær yfir í group.

frekari uppl. klopp@simnet.is og lh@lhhestar.is

Bein leið á kortasjána er: <http://www.map.is/lh> einnig er hægt að fara á heimasíðu LH <http://lhhestar.is> þar er gluggi merktur Kortasjá, einnig eru tengingar frá heimasíðum flestra hestamannafélaga í landinu á kortasjána.

Nýjustu upplýsingar um kortasjána er ávallt að finna í fréttatilkynningum á heimasíðu LH og á Facebook síðu Samgöngunefndar; Kortasjá / Samgöngunefnd LH, í dag erum við með 1400 fylgjendur. Bein leið er <https://facebook.com/lhhestar.is> .



Hestatengd ferðaþjónusta:

LH bauð aðilum í hestatengdri ferðaþjónustu til fundar um reiðvegamála:

Reykjavík 10 mars 2019

Erindi:

Til hestaferðafyrirtækja

Landssamband hestamannafélaga (LH) leitar eftir stuðningi fyrirtækja í hestatengdri ferðaþjónustu til að þrýsta á stjórnvöld um að auka verulega framlög til uppbygginga og viðhalds reiðvega á landinu.

Það eru sameiginlegir hagsmunir hins almenna hestamanns og aðila í hestatengdum rekstri að reiðvegir séu í góðu ástandi. Til þess þarf fjármuni frá opinberum aðilum, þá bæði ríki og sveitarfélögum.

Á vegum LH eru starfandi sjö svæðisbundnar reiðveganefndir, þær eru á Suðvesturlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum, Norðvesturlandi, Norðausturlandi, Austurlandi, Suðurlandi austan Þjórsár og Suðurlandi vestan Þjórsár. Öll hestamannafélög á viðkomandi svæðum eru aðilar að samstarfsnefndunum. Formenn svæðisbundnu reiðveganefnda þessara svæða skipa svo Ferða- og samgöngunefnd LH ásamt formanni skipuðum af stjórn LH.

Reiðveganefndirnar ásamt hestamannafélögum sækja árlega um reiðvegafé til LH til viðhalds og uppbyggingu reiðvega á sínum svæðum. Ferða- og samgöngunefnd LH úthlutar því fjármagni sem ríkið veitir af vegaáætlun til reiðvega. Frá árinu 2010 hafa árleg framlög ríkisins verið 60. m.kr. í ár hækkar framlag ríkisins í 75. m.kr. Hestamannafélögin hafa einnig leitað til sveitarfélaga um framlög til reiðvega en oft með misjöfnum árangri.

Öll vinna hestamanna í reiðvegagerðinni er unnin í sjálboðavinnu, margir þeirra spyrja sig að því af hverju er ég að þessu þegar aðilar í atvinnustarfsemi gera svo út á reiðvegina en skilja ekkert eftir annað en aukið viðhald.

Sumstaðar er svo komið að sveitarfélög hafa felld reiðleiðir af skipulagi vegna ágangs og eða landeigendur hafa lokað á hestaumferð um lönd sín vegna hins sama eða skort á viðhaldi reiðleiða.

Ferða- og samgöngunefnd LH fór t.d. í samstarf við Bláskóabyggð á sl. ári um merkingar reiðleiða á Kili. Til stóð að loka reiðleið um Þjófadali, settir voru upp 15 vegprestar og 4 fræðslu- og upplýsingaskilti.

Það er öllum ljóst að hestamennska og hestatengd ferðaþjónusta skapar þjóðarþúinu milljarða kr. í tekur á ári hverju. Það er því fíranlegt að stjórnvöld skuli ekki koma betur að uppbyggingu undirstöðu greinarinnar sem eru reiðvegirnir og reiðleiðirnar.

•

Í október 2017 stóð LH fyrir málþingi um úrbætur í reiðvegum í Borgarnesi. Þar voru flutt tíu erindi um reiðvegi og öryggismál tengd reiðvegum.

Eftirfarandi ályktanir voru samþykktar í lok þingsins:

- 1) Að reiðvegafé verði að lágmarki tvöfaldað frá því sem nú er og fylgi verðlagsþróunum.
- 2) Að reiðvegir verði skilgreindir í umferðarlögum og að réttarstaða ríðandi umferðar verði tryggð.
- 3) Að veghald reiðvega verði hjá ríki og sveitarfélögum.
- 4) Að tryggja öryggi ríðandi umferðar gagnvart annarri umferð.
- 5) Að reynt verði með öllum ráðum að hafa ríðandi umferð eins fjarri akandi og hjólandi umferð eins og kostur er.
- 6) Að ekki verði þrengt frekar að reiðleiðum á hálendinu en orðið er.
- 7) Að Framkvæmdasjóður ferðamannastaða styrki reiðvegagerð og aðstöðu í tengslum við hestatengda ferðaþjónustu.

Í lok þingsins var einnig skipuð samstarfsnefnd til að fylgja eftir ályktunum þingsins.

•

Það er von okkar hjá LH að aðilar í hestatengdri ferðaþjónustu sjái sér fært að leggja okkur lið og beita stjórnvöld þrýstingi til að auka framlög til reiðvega.

Sem fyrr er getið þá er framlag ríkisins í ár 75. m.kr. og er það samkvæmt nýsamþykktari fimm ára samgönguáætlun 2019 – 2023 þ.e. 375. m.kr. á tímabilinu eða 75. m.kr. árlega. Í fimmtán ára samgönguáætlun sem liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir sömu fjárhæð árlega eða til ársins 2033.

Það er áleitin spurning hvort aðilar í hestatengdri starfsemi myndu telja það fýsilegan kost að stofna með sér samtök. Samtök sem þá hugsanlega gætu átt aukaáðild að LH eins og t.d. Félög Tamningamanna, Járningamanna, Dómara og Gæðingadómara.

f.h. Landssambands hestamannafélaga

❖

Sem fram hefur komið þá bauð Ferða- og samgöngunefnd LH til fundar með aðilum í hestatengdri ferðaþjónustu, ætlunin var að fá þessa aðila til að leggjast á sveif með LH um að þrýsta á stjórnvöld með aukin framlög til reiðvega. Vonbrigði urðu með þáttöku þessra aðila, en einungis tveir sáu sér fært að mæta til fundar. Fundur var engu að síður haldin, framsaga og fundargerð fara hér á eftir:

❖

Fundur Ferða- og samgöngunefndar LH með aðilum í hestatengdri ferðaþjónustu fimmtudaginn 2. maí kl. 13:00 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Mættir: Halldór H. Halldórsson formaður Ferða- og samgöngunefndar, Sæmundur Eiríksson varaformaður Ferða- og samgöngunefndar og Vilhjálmur Ólafsson formaður nefndar um úrbætur í reiðvegamállum. Frá hestaferðafyrirtækjum Sólmundur Sigurðsson Sólhestum, Haukur Suska Garðarsson Hvammi í Vatnsdal kom til fundar laust fyrir kl. 14:00.

VÓ. bauð gesti velkomna, setti fund og bauð HHH orðið.

HHH fór yfir störf Ferða- og samgöngunefndar LH undanfarinn aldarfjórðung eða svo í reiðvegamállum ofl.

•

Á vegum LH eru starfandi sjö svæðisbundnar reiðveganefndir, þær eru á Suðvesturlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum, Norðvesturlandi, Norðausturlandi, Austurlandi, Suðurlandi austan Þjórsár og Suðurlandi vestan Þjórsár. Öll hestamannafélög á viðkomandi svæðum eru aðilar að samstarfsnefndunum. Formenn svæðisbundnu reiðveganefnda þessara svæða skipa svo Ferða- og samgöngunefnd LH ásamt formanni skipuðum af stjórn LH.

Reiðveganefndirnar ásamt hestamannafélögum sækja árlega um reiðvegafé til LH til viðhalds og uppbyggingu reiðvega á sínum svæðum. Ferða- og samgöngunefnd LH úthlutar því fjármagni sem ríkið veitir af vegaáætlun til reiðvega. Frá árinu 2010 hafa árleg framlög ríkisins verið 60. m.kr. í ár hækkar framlag ríkisins í 75. m.kr. Hestamannafélögin hafa einnig leitað til sveitarfélaga um framlög til reiðvega en oft með misjöfnum árangri.

Reiðveganefndir hestamannafélaga um land allt hafa unnið að uppbyggingu og viðhaldi reiðvega og reiðleiða. Það hafa þau gert með fjárframlögum af vegaáætlun samgöngu-áætlunar, í ár 2019 er fjármagn af vegaáætlun 75. m.kr. þar af úthlutar Ferða- og samgöngunefnd LH 65. m.kr. en Vegagerðin 10. m.kr. til sérstakra verkefna.

•

Árið 1979 er fyrst veitt fjármagni til reiðvega af vegaáætlun samgönguáætlunar 35 þús. nýkrónur. Er það í fyrsta sinn síðan Konungsvegurinn var byggður upp á árunum 2004 – 2007 og kostaði þá sem svararaði þrennum fjárlögum ríkisins. Í ár 2019 eru framlög af vegaáætlun 75. m.kr. en umsóknir hestamannafélaga 322.3 m.kr. Samtals hafa farið u.þ.b. 1.3 ma.kr. til reiðvega þau 40 ár sem reiðvegafé hefur verið veitt af vegaáætlun samgönguáætlana. Samgönguráðherrar hafa skipað nokkrar nefndir sem fjallað hafa um málefni hestamennskunnar m.a. um reiðvegamál.

1997 - desember. Afþreying í ferðaþjónustu framkvæmdaáætlun.

1998 - 29. september. nefnd um reiðleiðir á hálendinu, með kortum, grunnur að skipulagi reiðleiða á hálendinu.

1999 - 4. febrúar Nefndarálit reiðveganefndar. Flokkun, skilgreining og skráning reiðvega, reiðvegagerðir. Fjármögnun reiðvega.

2003 – Nefnd um viðbótarfjáröflun reiðvega. Tillaga að þjóðarátaki í uppbyggingu reiðvega. tekjur af hestamennsku og hestatengdri ferðaþjónustu.

Niðurstöður þeirra nefnda sem samgönguráðherrar hafa skipað á þessum árum, eru að átaks sé þörf í viðhaldi og uppbyggingu reiðvega og að auka þyrfti fjárframlög til þessa málaflokks verulega frá því sem þá var og er enn.

Í skýrslu nefndar samgönguráðherra um *Stefnumótun í Ferðaþjónustu* frá 1997 segir m.a: kaflí 5.6 **Reiðleiðir og uppbygging áningastaða.** Markmið: Að tryggja nauðsynlegar reiðleiðir og skipulagða uppbyggingu áningastaða er taki tillit til umhverfisþátta í samráði við viðkomandi yfirvöld og umráðaðila lands. Kaflí 7.2.1 **Stefnumótun**, segir m.a: Með hestaferðum sé boðið upp á sérstæða, skemmtilega og fróðlega afþreyingu sem sameinar útivist, góð kynni af íslenska hestinum og náttúru landsins, um leið og þær skapa atvinnu og tekjur.

Í skýrslunni um stefnumótun í ferðaþjónustu kemur einnig fram að afla skuli upplýsinga um reiðleiðir, fornar og nýjar, reiðleiðir merktar og reiðvegir flokkaðir.

Í framhaldi af stefnumótun samgönguráðuneytis í ferðamálum skipaði samgönguráðherra nefnd til að gera tillögur um uppbyggingu áningastaða og skiptihólfa, safna og skrá upplýsingum um fornar og nýjar reiðleiðir o.fl. á miðhálandi Íslands. Nefnd um reiðleiðir á hálendinu leggur m.a. til að á næstu árum verði stórauðni fjármagni verið varið til uppbyggingar og lagfæringar reiðleiða á miðhálandinu með áherslu á verndun viðkvæmra svæða við og í nágrenni reiðleiða. Í niðurlagi skýrslunnar segir: Alls lætur nærri að reiðleiðir á miðhálandinu séu um 3.500 km. að lengd. Nefndin áætlað um 10% reiðleiða þurfi lagfæringa við eða um 350 km. Gróft mat nefndarinnar bendir til að kostnaður geti orðið um 1. m.kr. á hvern km. eða um 350. m.kr. alls. Nefndin telur eðlilegt að tekið verði tillit til þess við næstu endurskoðun vegaaætlunar. Tillögur og kort nefndarinnar hafa verið notuð sem grunnur að reiðleiðum á skipulagi miðhálandisins og síðar í landskipulagsstefnu Skipulagsstofnunar.

Önnur nefnd "Reiðveganeftindin" fjallaði um og gerði tillögur um skráningu og flokkun reiðvega í stofnleiðir, héraðsleiðir og þéttbýlisleiðir, og að í sambandi við gerð vegaaætlunar yrðu reiðvegir skráðir í samræmi við þá flokkun. Hluti af tillögum nefndarinnar var að gera grein fyrir möguleikum í fjármögnun. Báðar gerðu síðan nefndirnar tillögu um að Vegagerðin yrði veghaldari reiðvega og að framkvæmdaaætlunir fyrir reiðvegi yrðu unnar samhliða annarri vegaaætlun. Báðar þessar nefndirnar skiluðu niðurstöðum og tillögum sínum árið 1999.

Frá því að niðurstöður fyrri nefndarinnar voru kynntar þá hefur ekkert fjármagn farið til uppbyggingar eða lagfæringa á reiðleiðum á miðhálandi Íslands né á fjölförnum ferðamannaleiðum, fyrir en nú hin síðari ár og þá í litlu mæli (úthlutun til ferðaleiða).

Hvað síðari nefndina varðar þá hefur Landssamband hestamannafélaga (LH) í samstarfi við Vegagerðinni og Loftmyndir ehf unnið að flokkun, skilgreiningu og skráningu reiðvega.

Í febrúar 2003 skilaði nefnd samgönguráðuneytisins um viðbótarfjáröflun til reiðvega niðurstöðum sínum. **Í áliti nefndarinnar kemur m.a. fram:** Vaxandi ásókn hestamanna, innlendra og erlendra, í hestaferðir hefur valdið sífellt meiri niðurníðslu reiðvega, sérstaklega þó á hálendinu, *einnig má nefna fjölfarnar ferðaleiðir s.s. á Lönguförur, Driftin á Lyngdalsheiði o.fl. o.fl.* Viða hefur riðandi umferð markað leiðir í landið án þess að sérstakir vegir hafi verið lagðir. Land hefur víða látið á sjá. Í sumum tilfellum er ástand reiðvega með þeim hætti að fyrirtæki sem selja hestaferðir hafa séð sig knúin til að hætta að bjóða þær ferðamönnum vegna umhverfisáhrifa.

Ferðir á hestum hafa margfaldast bæði í byggð og óbyggðum og fjöldi hesta sem fer um reiðvegi er umtalsverður. Árið 2002 komu ríflega 300 þúsund erlendir ferðamenn til landsins. Kannanir Ferðamálaráðs á árunum 1999-2002 sýndu að um 20% erlendra ferðamanna sem komu til landsins að sumarlagi á þeim tíma fóru í hestaferðir. Að vetrarlagi er hlutfallið lægra eða á bilinu 8-14%. Hestaferðir eru allt frá stuttum reiðtúrum í nágrenni hestaleiga upp í margra daga ferðir. Nefndin leit svo á að um 20% gjaldeyrstekna af erlendum ferðamönnum væri tilkomin vegna hestatengdrar ferðaþjónustu. Árið 2001 námu gjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum 37,7 milljörðum kr. þar af 7,5 milljarðar kr. vegna hestatengdrar ferðaþjónustu. Nefndin lagði til að þjóðaráttak yrði gert í reiðvegamállum, lesa má frekar um niðurstöður nefndarinnar í skýrslunni sjálfri sem er aðgengileg á netinu.

•

HHH, árið 2018 komu rúmlega 2 milljónir erlendra ferðamanna til landsins, hverju skildi hestatengd ferðaþjónusta hafa skilað þjóðabúinu það ár?

Í dag er áætlað að um 35 þúsund íslendingar stundi hestamennsku að staðaldri, þar af eru um 12 þúsund skráðir félagar í 45 hestamannafélögum.

Undanfarin ár hafa umsóknir hestamannafélaganna í reiðvegafé verið á bilinu 280 – 330. m.kr. bæði til nýbygginga og viðhalds eldri reiðvega. Samkvæmt samgönguáætlun fyrir árin

2019 - 2024 þá eru ætlaðar 75. m.kr. hvert ár. Árið 2002 voru 39,9 m.kr. til reiðvega frá ríki, sé tekið mið af hækkun byggingavísitölu þá ætti reiðvegafé að vera 84,5 m.kr af vegafé árið 2012. Grunnur byggingavísitölu breytist 2010 og er settur á 100, um sl. áramót er grunnurinn orðinn 142,1. Reiðvegafé ætti því að vera 107,6. m.kr. í ár 2019. Það hafa því engar hækkanir verið til þessa málaflökks eins og allar þrjár nefndirnar sem að ofan greinir höfðu lagt til að yrði, heldur skerðist framlag ríkisins hlutfallslega.

Framlög ríkis og sveitarfélaga undanfarna áratugi hafa ekki verið taldar nægar til að uppfylla fjárþörf til þess málaflökks sem reiðvegir eru.

Öll undirbúnings vinna hestamanna í reiðvegagerðinni er unnin í sjálboðavinnu, sumstaðar leggja bændur eða verktakar til vélar, tæki eða efni. Sumir þeirra spyrja sig að því af hverju er ég að þessu þegar aðilar í atvinnustarfsemi gera svo út á reiðvegina en skilja ekkert eftir annað en aukið viðhald.

Sumstaðar er svo komið að sveitarfélög hafa felld reiðleiðir af skipulagi vegna ágangs og eða landeigendur hafa lokað á hestaumferð um lönd sín vegna hins sama eða skort á viðhaldi reiðleiða.

Samhliða reiðvegagerð þá hefur LH tekið að sér mörg aukin verkefni frá því sem áður var, má þar nefna m.a. flokkun og skráningu reiðleiða í kortasjá. Halda úti gagnvirkum vef um reiðleiðir, KORTASJÁ. Útgáfa reiðvegahandbókar árið 2006, sem nú er í endurskoðun og aðlögun að breyttum aðstæðum. Samstarf við hestamannafélög og sveitarfélög um merkingar reiðleiða með uppsetningu á vegprestum og fræðsluskiltum. Öll þessi verkefni hafa í för með sér talsvert aukin kostnað sem tekin er af reiðvegafé vegaaætlunar.

Skráningu reiðleiða í kortasjá www.map.is/lh hjá Loftmyndum ehf í samstarfi við Vegagerðina. Þar koma m.a. fram nafn reiðleiðar og lengd í km. Hægt er að sækja gps hnit fyrir reiðleiðir og skála í kortasjána og hlaða niður í gps tæki. Gerð er grein fyrir reiðvegaframkvæmdum í kortasjónni. Samningur hefur verið gerður við Neyðarlinuna um afnot af reiðleiðaferlum í kortasjónni.

Umferðarlög; réttarstaða ríðandi umferðar í umferðarlögum: Hestamenn hafa í mörg ár barist fyrir því að reiðvegir fái skilgreiningu í umferðarlögum og að réttarstaða ríðandi umferðar verði tryggð. LH fagnar breytingum í nýjum umferðarlögum er varðar skilgreiningu reiðvega eins og þau eru kynnt í drögum að nýjum umferðarlögum.

Samkomulag milli LH og Vegagerðarinnar frá 1982 er ekki að ganga eftir. Víða um land er unnið að því af hálfu Vegagerðarinnar að leggja héraðs- og tengivegi bundnu slitlagi. Ekki er ráðgert að leggja reiðvegi samhliða jafnvel þótt reiðvegur sé á skipulagi viðkomandi sveitarfélags á þeim svæðum. Nefna má t.d. Grafningsveg, Borgarfjörð, Árbæjarveg ofl. ofl.

HHH, í október 2017 stóð LH fyrir málþingi um úrbætur í reiðvegamálaflöku í Borgarnesi. Þar voru flutt tíu erindi um reiðvegi og öryggismál tengd reiðvegum.

Eftirfarandi ályktanir voru samþykktar í lok þingsins:

- 1) Að reiðvegafé verði að lágmarki tvöfaldað frá því sem nú er og fylgi verðlagsþróunum.
- 2) Að reiðvegir verði skilgreindir í umferðarlögum og að réttarstaða ríðandi umferðar verði tryggð.
- 3) Að veghald reiðvega verði hjá ríki og sveitarfélögum.
- 4) Að tryggja öryggi ríðandi umferðar gagnvart annarri umferð.

- 5) Að reynt verði með öllum ráðum að hafa ríðandi umferð eins fjarri akandi og hjólandi umferð eins og kostur er.
- 6) Að ekki verði þrengt frekar að reiðleiðum á hálendinu en orðið er.
- 7) Að Framkvæmdasjóður ferðamannastaða styrki reiðvegagerð og aðstöðu í tengslum við hestatengda ferðaþjónustu.

Í lok þingsins var einnig skipuð samstarfsnefnd til að fylgja eftir ályktunum þingsins. Vilhjálmur Ólafsson er formaður nefndarinnar.

•

Veghald reiðvega, hver telst veghaldari reiðvega ?

Vilji er til þess hjá Vegagerðinni að skýrt verði í endurskoðun á vegalögum að veghald reiðvega verði hjá hestamannafélögnum. Óvissa er í lögum í dag hver telst veghaldari reiðvega.

12. gr. Almenn.

Veghaldari ber ábyrgð á veghaldi vegar. Við veghaldið skal gæta umferðaröryggis og að umferð eigi greiða og góða leið um vegi að teknu tilliti til umhverfis-, náttúru- og minjaverndar í samræmi við kröfur sem leiðir af gildandi lögum á hverjum tíma.

13. gr. Veghaldarar.

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega. Sveitarfélög eru veghaldarar sveitarfélagsvega.

Eigendur einkavega hafa veghald þeirra.

55. gr. Vegir sem ekki tilheyra vegflokki.

Nú liggur vegur, stígur eða göturoðningur yfir land manns og telst eigi til neins vegflokks samkvæmt lögum þessum og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg með hliði á veginum en eigi má hann læsa hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg nema sveitarstjórn leyfi.

Ákvörðun sveitarstjórnar skv. 1. mgr. má leggja undir úrskurð ráðherra.

•

SS, nú hefur færst í vöxt að landeigendur banna okkur að fara um lönd sín án þess að gjald komi fyrir, getur LH beitt sér í því?

HHH sagði frá almannarétti náttúruverndarlaga, samráðsgáttinni og tillögu um viðbætur sem hann lagði fyrir laganefnd LH.

Hér framar í skýrslunni er úrdráttur um almannarétt í náttúruverndarlögum og álit laganefndar LH. HHH fór yfir það mál á fundinum.

•

Nokkur umræða skapaðist um þau mál sem fjallað er um hér að ofan, vonbrigði voru með það hversu fáir aðilar úr hestatengdri ferðaþjónustu sáu sér fært að mæta til fundarins.

VÓ spyr hvort vilji sé til að framhalda þessum viðræðum, dropinn holi jú steininn. HSG og SS eru því hlynntir að frekari umræður eða samtal eigi sér stað. HHH æskilegt að aðilar í hestatengdri ferðaþjónustu myndi hagsmunasamtök. Hljótið að geta það þó þið séuð í samkeppni innbyrðis um viðskiptavinum, nefna má t.d. aðila í bílgreinum, mikil samkeppni. en sameinast í Bílgreinasambandinu.

Ákveðið að boða aftur til fundar að loknu aðal ferðatímabili þ.e. í lok september eða byrjun október.

Fundi slitið kl. 14:45



Framkvæmdasjóður ferðamannastaða:

Ferða- og samgöngunefnd LH sótti um 2.0 m.kr. styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða 2019 vegna kostnaðar við merkingar reiðleiða á Kili. En ráðist hafði verið í uppsetningu Vegvísa og upplýsinga- og fræðsluskilta í samstarfi við Bláskógabyggð. Styrkumsóknin hlaut ekki náð fyrir augum úthlutunarnefndar, talið styrkhæft en skortur á fjármagni. Hestamannafélagið Neisti sótti um styrk vegna áningastaðar á krossgötum í Vatnsdal og hlaut tæpar 2.0 m.kr. í styrk. og er það vel, sýnir að áningastaðir og annað tengt reiðleiðum er styrkhæft.

Landssamband hestamannafélaga

Engjavegi 6
104 Reykjavík



Reykjavík, 13. mars
2019
Tilvísun: 1810180 /
05.02

Efni: Synjun umsóknar um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefur staðfest tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða vorið 2019.

Alls bárust 143 umsóknir um styrki að fjárhæð kr. 2.283.998.797,-. Í ljósi fjölda umsókna og takmarkaðs fjármagns til úthlutunar reyndist einungis unnt að styrkja 40 umsóknir. Til úthlutunar voru kr. 504.800.000,-.

Hér með tilkynnist að því miður reyndist ekki unnt að verða við umsókn yðar vegna ofangreindra takmarkana. Frekari upplýsingar um umsóknina er að finna í þjónustugátt Ferðamálastofu undir „gæðamatsblað úthlutun 2019“.

Samkvæmt 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur styrkumsækjandi óskað eftir rökstuðningi fyrir ákvörðuninni. Skrifleg beiðni þess efnis skal berast Ferðamálastofu innan 14 daga frá dagsetningu tilkynningar þessarar. Beiðni um rökstuðning skal senda í gegnum þjónustugátt Ferðamálastofu á þar til gerðu eyðublaði.

F.h. Ferðamálastofu


Guðrún Dóra Brynjólfsson

Opnað hefur verið fyrir umsóknir til úthlutunar 2020 í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, opið er fyrir umsóknir frá og með 1. október til og með 29. október 2019. Umsóknir sem berast eftir það eru ekki teknar gildar. Hér er upplagt fyrir hestamannafélög, reiðveganefndir, LH eða hvern sem er að sækja um til góðra verkefna t.d. áningastaða, merkingar reiðleiða, reiðvega, upplýsinga- og fræðsluskilta.

Slóð á Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða:

<https://www.ferdamalastofa.is/umsoknir>

Slóð á kynningarmyndband vegna umsókna úr sjóðnum:

<https://www.youtube.com/watch?v=vwhqKTuhNvA&feature=youtu.be>



Umferðaröryggi:

Hestamenn verða að vera vel á varðbergi er kemur að umferðaröryggi, ekki síst þegar hrossahópar eru reknir meðfram og á þjóðvegum landsins. Eins og við vitum þá leita hross oft upp á þjóðvegina í þessum rekstrum sem getur haft alvarlega afleiðingar fyrir menn, hross og ökutæki.

Rekstur lausra hrossa eftir og meðfram vegum getur skapað talsverða hættu jafnt fyrir hrossin og ökumenn sem þurfa að keyra framhjá hrossum í rekstri.

Full ástæða er fyrir hestamenn að vera vel á tánum vegna þrýstings sem hefur myndast um að við hestamenn víkjum með okkar umferð af vegsvæði þjóðvega.

Hvernig getum við hestamenn bætt öryggi hestaumferðar gagnvart akandi umferð og með hvaða hætti. Reiðvegir eru oftast en ekki á vegöxlum akvega þó svo flestir kjósa sér reiðvegi eins fjarri akvegum og kostur er. Eitthvað er um að settar hafi verið upp „öryggisgirðingar“ milli reiðslóða og akvegar. Hafa ber í huga sé það gert að í girðingunni séu ekki kraftstaurar heldur millistaurar og bordi strengdur á milli staura en ekki vír. Meiri líkur eru á að öflugir staurar og vír geti skaðað vegfarendur ef til slyss kæmi.

Reynt hefur verið að taka lönd eignarnámi undir reiðvegi, en yfirvöld og hestamenn verið gerð afturreka með þær aðgerðir af dómstólum landsins. Þó almannabörf hafi verið viðurkennd af dómstólunum þá var það ekki í nægjanlega ríku mæli til að eignarnám næði fram að ganga.



Reiðvegaframkvæmdir 2019:

Þegar þessar línur eru ritaðar um mánaðarmót september október kemur í ljós sem oft áður að hestamannafélögin fara ákaflega seint í reiðvega framkvæmdir sem er slæmt, komið haust og vetur handan við hornið. Af þeim 65. m.kr. sem LH úthlutaði í mars sl. er einungis búið að framkvæma fyrir tæplega 16.0 m.kr. Af 10 m.kr. sem Vegagerðin úthlutar fóru 3,5. m.kr. til LH vegna kortasjár.

Sendar hafa verið út ítrekanir til reiðveganefnda að drífa í reiðvegaframkvæmdum svo úthlutað fjármagn brenni ekki inni hjá ríkissjóði.



Reiðvegafé:

Tekjur af hestatengdri starfssemi:

Þegar rætt hefur verið um reiðvegafé undanfarin ár þá hefur verið vitnað í skýrslu Samgönguráðuneytisins „Nefnd um viðbótarfjáröflun til reiðvega febrúar 2003” í því sambandi. Þar er vitnað til gjaldeyristekna af erlendum ferðamönnum sem komu hingað til lands í hestaferðir árið 2001, talið var að það væri um 7,5 milljarðar kr. á ársgrundvelli.

Ekki var tekið tillit til tekna af útflutningi hrossa eða annarra tekna af sölu hestavara. Í Morgunblaðinu mánudaginn 9. september sl. birtist áhugaverð og góð grein um verðmæti í útflutningi hrossa. Greinina skrifaði Magnús Heimir Jónsson og ræðir m.a. við Gunnar Arnarsson hrossaútflytjanda í greininni.

Í greininni kemur fram að útflutningsverðmæti hrossa á árunum 2007 – 2019 nemi 10,9 milljörðum króna og að stærsti hlutinn sé vegna hrossa til undaneldis.

Ferða- og samgöngunefnd hefur ítrekað óskað eftir því að stjórn LH láti uppreikna tölur úr skýrslu samgönguráðuneytisins sem vitnað er til hér að ofan. Við eftirgrenslan til skrifstofu LH um afgreiðslu stjórnar á LH þingstillögu vegna málsins barst undirrituðum skýrsludrög Ingibjargar Sigurðardóttur lektors á ferðamáladeild Háskólans á Hólum í hendur. Þar koma fram margar áhugaverðar tölur og gögn.

Það er ljóst eins og haldið hefur verið fram að hestamennska og hestatengd ferðaþjónusta eru að skapa þjóðarúinu tugi milljara í tekjur á ársgrundvelli. Það er því ekki ósanngjarnt að krefja stjórnvöld um aukin framlög til greinarinnar s.s. með uppbyggingu reiðvega.



Grein Magnúsar Heimis og samantekt Ingibjargar fara hér á eftir.

9. september 2019 | Innlendar fréttir | 542 orð | 2 myndir

Tugmilljarða verðmæti í útflutningi á hrossum



Magnús Heimir Jónsson mhj@mbl.is Útflutningsverðmæti íslenskra hrossa á síðustu tíu árum telur nær 10 milljarða króna. Heildarverðmæti útflutnings á íslenskum hestum á árunum 2007 til júlí 2019 var 10,9 milljarðar króna.

Sviðsljós Magnús Heimir Jónsson

Útflutningsverðmæti íslenskra hrossa á síðustu tíu árum telur nær 10 milljarða króna. Heildarverðmæti útflutnings á íslenskum hestum á árunum 2007 til júlí 2019 var 10,9 milljarðar króna. Langstærstur hluti af þeirri upphæð er útflutningur á hreinræktuðum hestum til undaneldis, en þeir telja um 73% af útflutningsverðmæti íslenskra hrossa á tímabilinu. Þá voru 24% af upphæðinni komin til vegna útflutnings á reiðhestum. Þetta er samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands.

Í ársskýrslu Matvælastofnunar fyrir 2018 kemur fram að útflutningur hesta árið 2018, í fjölda talið, hafi verið heldur minni en árið áður. Flutt var út 1.351 hross árið 2018 en 1.485 árið 2017. Alls voru seld hross til 20 landa árið 2018 en einungis 17 árið áður. Hrossin fara oftast með flugi til Liege í Belgíu og er þeim dreift þaðan til ýmissa Evrópulanda. Árið 2018 fóru flest hrossin til Þýskalands eða 535. Svíþjóð kemur þar á eftir með 191 hross. Þá fóru 157 hross til Danmerkur og 100 til Sviss.

Að undanskilinni fækkun í fyrra hefur útflutningur hrossa aukist jafnt og þétt frá árinu 2010 þegar 1.158 hross fóru af landi brott.

Markaðurinn haldist stöðugur

Hrossaútflytjandinn Gunnar Arnarsson segir hrossaútflytningsmarkaðinn ekki hafa breyst mikið á síðustu 10 árum. „Hann hefur aldrei verið auðveldur en hann hefur verið nokkuð svipaður síðustu tíu árin með nokkrum hliðarsveiflum,“ segir Gunnar. „Breytileikinn er aðallega sá að fyrir 10 árum eða meira voru að koma hingað aðilar sem keyptu tiltölulega mörg hross í einu og fluttu út til umboðssölu. Það hefur breyst. Það eru færri sem gera það en meira um að þetta séu menn sem koma hingað að leita að þessum eina hesti. Áður fyrr voru þeir sem voru að taka út hesta t.d. öflugir reiðskólar og hestaleigur sem keyptu þá hóp af hestum. Svo voru einstaklingar úti sem ráku bara sölumiðstöðvar og tóku þá oft á tíðum fimm, 10, 20 hesta í einu og seldu þá. Það hefur breyst. Það eru fleiri móttakendur á bak við þennan hóp en áður,“ segir Gunnar, sem flytur út um 500 hross á ári. Spurður hvort verðmæti íslenskra hrossa hafi eitthvað breyst á tímabilinu segir hann svo ekki vera. „Verðmætustu hrossin eru góð kynbótahross og góðir eða afburða keppnishestar. Svo er þetta öll flóran, ung og efnileg hross og bara reiðhross. Það er flóran sem fyllir upp í fjöldann,“ segir Gunnar.

Huglægt mat ræður enn för

Gunnar segir að verðmat hrossanna sé ennþá að mörgu leyti huglægt. „Þetta byggist á ættartré, náðargáfu í hestinum, getu og árangri. Þetta er svona svipað og með fótoltamenn. Það eru fáir sem eru svadalega verðmætir, svo getur næsti verið nánast verðlaus þótt hann geti spilað fótbolta ágætlega. Það er huglægt hvernig kaupin gerast á eyrinni. Sum hross eru búin að sanna getu sína eitthvað og eru verðmætari en önnur. Önnur eru búin að sanna getu sína en eru kannski einhverra hluta vegna erfið fyrir fjöldann og þar af leiðandi ekki eins seljanleg. En þar sem þetta fer allt saman getur verðmætið orðið býsna gott.“

Að sögn Gunnars getur verðmunur á milli hesta verið afar mikill. „Þetta er frá hundruðum þúsunda og upp í þónokkrar milljónir. Minni hlutinn af hestunum er mjög dýr en þó eru nokkrir sem kosta svolítið og þá getur það hlaupið á einhverjum milljónum,“ segir Gunnar.

•

Hestamennska og hestaferðaþjónusta – ýmsar tölur og gögn

15. apríl 2019 (DRÖG)

Ingibjörg

Sigurðardóttir

Lektor

Ferðamáladeild Háskólans á

Hólum Netfang:

inga@holar.is

□ *Nokkrar athyglisverðar staðreyndir um hross á Íslandi*

- **Á Íslandi eru 240 hross á hverja 1000 íbúa (Sigurðardóttir og Helgadóttir, 2015) sé miðað við tölur frá 2013.**
- Í Evrópusambandslöndunum er hæsta hlutfall hrossa miðað við íbúa 32 hross á hverja 1000 íbúa í Svíþjóð (Liljenstolpe, 2009).
- Á Norðurlandi vestra eru 2,6 hross á hvern íbúa (2600 hross á hverja 1000 íbúa) (Sigurðardóttir og Helgadóttir, 2015).
- Á Suðurlandi eru 1165 hross á hverja 1000 íbúa (Sigurðardóttir og Helgadóttir, 2015).
- Vestfirðir hafa lægsta hlutfall hrossa pr. íbúa ef litið allir landshlutar eru skoðaðir. Þar eru 147 hross á 1000 íbúa (Sigurðardóttir og Helgadóttir, 2015).

Því má gera ráð fyrir að hross séu hlutfallslega mikilvægari fyrir íslenskan efnahag og byggðaðróun en raunin er í öðrum löndum.

Verðgildi íslenska hrossastofnsins

Ítrekað hefur verið bent á að misbrestur er á skráningu hrossa á Íslandi ekki sist eftir að skráning búfjár fluttist frá Bændasamtökum Íslands til Matvælastofnunar Íslands en við það

„fækkaði“ hrossum á landinu samkvæmt opinberum tölum úr 72.626 árið 2013 í 53021 árið 2014 (Hörður Kristjánsson, 2018).

Árið 2014 var áætlað að verðgildi íslenska hrossastofnsins næmi 12 milljörðum króna (Tinna Dögg Kjartansdóttir, 2014), varlega metið en jafnframt var bent á þá staðreynd að hægt er að meta slíkt verðmæti út frá ótalmörgum forsendum. Í ljósi fyrrgreindra forsendna er hæpið að setja fram tölur um verðmæti íslenska hrossastofnsins án viðamikilla rannsókna.

□ Útflutningur lífhrossa

Útflutningur lífhrossa hefur verið stundaður í áratugi. Árið **2018 voru flutt út 1470 hross** og er það svipuð tala og verið hefur undanfarin ár (tafla 2).

Tafla 1. Fjöldi útfluttra hrossa 2005-2017

Útflutningsár:	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Stóðhestar	139	138	190	222	214	168	165	208	189	217	233	233	259
Hryssur	737	726	772	873	792	553	547	672	621	602	661	739	737
Geldingar	625	496	535	681	582	437	424	453	426	450	466	502	489
SAMTALS	1501	1360	1497	1776	1588	1158	1136	1333	1236	1269	1360	1474	1485
Hross með 1. verðlaun						51	62	84	79	82	111	109	128

- Alls voru flutt hross til 28 landa
- 98% hrossanna fóru til 12 landa
- 95,7% fóru til Evrópu
- Tæplega 41% fór til Þýskalands
- Önnur lönd með 15% eða lægri hlut

Í töflu 2 má sjá til hvaða landa meginfjöldi útfluttra hrossa fór á árunum 2005 til 2017.

Tafla 2. Útflutningur íslenskra hestsins eftir löndum árin 2005-2017.

Land	Fjöldi 2005-2017	%
Þýskaland	4530	40,73%
Svíþjóð	1670	15,02%
Danmörk	1280	11,51%
Sviss	879	7,90%
Noregur	578	5,20%
Austurríki	657	5,91%
Finland	309	2,78%
Holland	362	3,25%
USA	266	2,39%
Frakkland	150	1,35%
Færeyjar	112	1,01%
Belgía	120	1,08%

Útflutningsverðmæti (FOB) íslenskra hrossa á fæti hefur undanfarin átta ár verið á bilinu 780 -1040 milljónir á ári.

Árið 2017 nam heildar útflutningsverðmæti íslenskra hrossa (FOB) 752,5 milljónum en árið 2018 hafði það hækkað í 915,3 milljónir króna (tafla 3).

Tafla 3. Útflutningsverðmæti íslenskra hrossa í milljónum króna 2010 - 2018

Ár	Söluverð í millj. Kr
2010	901,1
2011	776,9
2012	1037,3
2013	915,7
2014	835,3
2015	874,2
2016	965,9
2017	752,5
2018	915,3

Meðalverð pr. hest samkvæmt tollskýrslum nam 939.952 krónum árið 2017 en 642.730 krónum árið 2018. Vert er að hafa í huga að sala á einum eða fáum mjög verðmætum hestum getur hækkað meðalverð nokkuð milli ára (tafla 4).

Tafla 4. Meðalverð útfluttra hrossa á árunum 2015-2018

Ár	Meðalverð pr. hest
2015	655.781
2016	653.527
2017	939.952
2018	642.730

□ Sláturafurðir hrossa

Árlega er töluvert af hrossakjöti flutt út. Á undanförunum árum hefur kjötið aðallega farið til Japan, Rússlands, Sviss og Þýskalands. Útflutningsverðmæti hrossakjöts nam um 120 milljónum árið 2018 og varð meðalverð á kíló 364 krónur sem er töluvert hærra verð en árið áður en útflutt magn árið 2017 var töluvert meira en árið 2018 (tafla 5).

Tafla 5. Útflutningur hrossakjöts árin 2017 og 2018

Ár	kg kjöt	Kr. útflutn.verðmæti	Meðalverð kr.pr. kg
2017	427.490	111.726.992	261
2018	329.743	120.132.754	364

Samkvæmt skráningu Hagstofu Íslands eru óunnar hrosshúðir fluttar út þó ekki sé í miklu magni. Árið 2018 voru flutt út 7640 kg og var verðmæti 844.134 krónur sem er umtalsverð hækkan á magni og verði frá árinu 2017 (sjá töflu 6)

Tafla 6. Óunnar hrosshúðir, útflutt magn og verðmæti.

Ár	Kg	Verðmæti kr
2017	2120	260.696
2018	7640	844.134

□ **Hestavörur seldar erlendum ferðamönnum**

Árið 2014 var áætlað að kaup erlendra ferðamanna á hestavörum (fyrir utan útvistarvörur) hefði verið upp á um 60 milljónir króna, byggt á tölum um kortaveltu erlendra ferðamanna (Tinna Dögg Kjartansdóttir, 2014).

Sé byggt á sömu forsendum, má áætla að árið **2018** hafi erlendir ferðamenn keypt hestvörur fyrir um **127 milljónir króna**. Var það nokkur samdráttur frá árinu 2017 þar sem sala á hestavörum til ferðamanna var áætluð um 139 milljónir króna. Rétt er þó að hafa í huga að gengi krónunnar hefur þarna nokkur áhrif. Sjá nánar í töflu 7.

Tafla 7. Áætluð sala á hestavörum til erlendra ferðamanna 2013-2018

Ár	Kortavelta mill.kr	Hestavörur mill.kr
2013	90.057	48
2014	112.196	60
2015	154.417	83
2016	231.990	124
2017	259.762	139
2018	237.000	127

□ **Hestatengd ferðaþjónusta**

Í daglegu tali hérlendis er að jafnaði átt við hestaleigur (1 dagur eða minna) eða hestaferðir (meira en 1 dagur) þegar talað er um hestaferðaþjónustu. Samt sem áður hefur það verið rökstutt að „hestatengd ferðaþjónusta sé hvers kyns þjónusta sem fyrirtæki eða einstaklingar veita ferðamönnum í tengslum við hesta, hvort sem um er að ræða þjónustu sem tengist reiðmönnum, hestinum sjálfum, sögu hans, ímynd, afurðum eða þætti hans í menningar- og atvinnusögu þjóðarinnar“ (Ingibjörg Sigurðardóttir, 2004, bls. 6).

Árið 2002 var fjöldi ferðamanna hérlendis 248.580 og var þá áætlað að 41.791 erlendir ferðamaður hefði farið á hestbak meðan á dvölinni stóð. Þar af fóru um 25 þúsund manns á hestbak að sumri (júni – ágúst). Ekki var vitað hvert var hlutfall þeirra sem fóru í hestaleigu og hestaferðir (Ingibjörg Sigurðardóttir, 2004).

Árið 2014 var á sambærilegum forsendum áætlað að um 120.150 erlendir ferðamenn hefðu farið á hestbak meðan á dvölinni stóð hérlendis (Tinna Dögg Kjartansdóttir, 2014).

Um þessar mundir er erfitt að nálgast nýjustu tölur um hversu hátt hlutfall ferðamanna nýtir ákveðna flokka afþreyingar svo sem hestaferðaþjónustu en það er vegna breytinga á skráningu og utanumhaldi um gögn hjá Ferðamálastofu en verið er að flytja helstu gögn inn í

svokallað Mælaborð ferðaþjónustunnar. Miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir má þó gera ráð fyrir að um **287 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið árið 2018** meðan á dvöl þeirra stóð hérlendis.

Árið 2014 var áætlað að velta hestaleiga og hestaferðafyrirtækja hérlendis væri 2,5-3 milljarðar (Tinna Dögg Kjartansdóttir, 2014). Sé miðað við þær forsendur sem lagðar voru til grundvallar í greiningu Tinnu Daggar má **ætla að heildarvelta hestaleiga og hestaferðafyrirtækja hérlendis hafi verið 7-8 milljarðar á árinu 2018.**

Rétt er að hafa í huga að fjölþætt starfsemi önnur en hestaleigur og hestaferðir geta talist til hestatengdrar ferðaþjónustu. Má þar nefna hestatengda viðburði. Þar ber hæst Landsmót hestamanna sem haldið er annað hvert ár og er gestafjöldi 8-10 þús. Um 1/3 gestafjöldans eru erlendir gestir. Varlega áætlað er talið að meðaleyðsla gesta á dag á Landsmóti hestamanna 2016 fyrir utan gistingu hafi verið 30.041 en erlendir gestir eyddu að meðaltali 34.955 ár dag en Íslendingar 26.706 krónum. Varlega áætlað hefur því verið áætlað að efnahagsleg áhrif Landsmóts hestamanna 2016 hafi verið um 160 milljónir króna án afleiddra áhrifa (Heldt, 2017).

Hvers vegna „Horses of Iceland (HOI)“?

- ✓ Horses of Iceland verkefnið hefur skapað samstarfsvettvang innan hestamennskunnar sem ekki var til staðar áður en verkefnið kom til. Félagskerfi hestamanna hefur verið dreift/fjölþætt og skortur hefur verið á sameiginlegu átaki til kynningar á hestinum og hestatengdri þjónustu. HOI hefur reynst mikilvægur samráðs- og samstarfsvettvangur.
- ✓ Hrossarækt er mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði og fyrir marga forsenda búsetu í dreifbýli. Öfugt við aðrar greinar hefðbundins landbúnaðar hefur hrossarækt ekki notið ríkisstyrkja. Mikilvæg leið til að efla hrossarækt er að stuðla að öflugri markaðssetningu á framleiðsluvörinni þ.e. hestinum og ekki síður á tengdri þjónustu innan lands og utan.
- ✓ Hrossarækt er gjarnan stunduð samhliða annarri starfsemi svo sem öðrum landbúnaði og/eða ferðaþjónustu og styður því við aðrar búgreinar og atvinnustarfsemi.
- ✓ Reynsla og fræðilegar rannsóknir hafa sýnt að samstarfs- og markaðsverkefni geta skilað miklum ávinningi og en þá aðeins ef þau eru nægilega fjármögnuð og til langs tíma. Verkefni sem aðeins eru fjármögnuð og rekin í skamman tíma skila oft minni ávinningi en hagsmunaaðilar vonast til (Sigurðardóttir & Steinþórsson, 2017).
- ✓ Fjölþætt markaðsstarf líkt og HOI verkefnið hefur staðið fyrir skilar fjölþættum árangri. Vandasamt er að meta áhrif slíkra verkefna því árangurinn er fjölþættur og er lengi að koma fram (Zeithaml, Bitner og Gremler, 2013).
- ✓ Kynning á íslenska hestinum er ekki eingöngu mál hestamanna og annarra unnenda íslenska hestsins. Hesturinn hefur lengi verið notaður til markaðssetningar á Íslandi og sem tákni um frjálsræði og lítt spillta náttúru. Þetta endurspeglast í kynningarefni stjórnvalda, svæða/áfangastaða og fyrirtækja um land allt ef litið er til markaðsefnis síðustu áratuga.
- ✓ Hesturinn hefur í áratugi verið mikilvægt aðráttarafi sem laðað hefur ferðamenn til Íslands. Annars vegar er um að ræða hestaáhugamenn sem koma vegna áhuga á íslenska hestinum og/eða hestum almennt og hins vegar þá sem lítið sem ekkert vita um hestinn en hestar í kynningarefni s.s. úti í náttúrinni höfða til margra.

- ✓ Kynning á íslenska hestinum er mikilvægur liður í að kynna land, þjóð og menningu sem síðan laðar ferðamenn til landsins. Þrátt fyrir gríðarlegan vöxt í fjölda erlendra ferðamanna á undanförunum árum er nú þörf á markvissri landkynningu meðal helstu markhópa. Í ljósi þess að í hugum margra er íslenski hesturinn samofinn íslenskri náttúru og menningu er mikilvægt að hafa í huga að um 80% erlendra ferðamanna segja íslenska náttúru hafa verið meginástæðu þess að þeir kusu að ferðast til Íslands en menning og saga fylgja þar í kjölfarið sem aðal ástæða fyrir ákvörðun um að koma til Íslands (Ferðamálastofa).
- ✓ Ferðaþjónustufyriræki á landsbyggðinni (utan 1-2 tíma aksturs frá Kef/Rek) hafa orðið mest vör við að hægt hefur á fjölgun ferðamanna og að ferðamenn dvelja nú að meðaltali styttra á landinu en áður sem þýðir að þeir fara minna um landið. Starfsemi sem tengist hestinum, s.s. hrossarækt og hestaferðaþjónusta) eru að miklu leyti stunduð utan þessa radíus og því er öflug markaðssetning á hestinum og hestatengdri þjónustu hagsmunamál fyrir fjölmarga aðila í dreifðum byggðum landins.

Rannsókn meðal FEIF félaga

- FEIF könnunin er viðamikil gagnasafn sem hægt er að nýta enn frekar við greiningu markhópa í tengslum við sölu á hestum og hestatengdri þjónustu. Hægt er að nýta hana í fjölþættum tilgangi bæði við heildarmarkaðssetningu á hestinum og Íslandi sem áfangastað fyrir áhugamenn um (íslenska) hesta en einnig í sértækari verkefnum hjá fyrirtækjum, félögum og samtökum. Þessi könnun gefur færi á að draga fram þætti þar sem ætla má að þurfi sérstaklega að leggja áherslu í markaðssetningu og kynningarmálum. (Hvað kemur á óvart í niðurstöðunum? Hvað segir það okkur?)

Hestatengd starfsemi og tengsl hennar við aðrar atvinnugreinar

Til að draga fram mikilvægi hestamennsku sem atvinnugreinar er t.d. hægt að nýta klasakort sem gerð hafa verið af hestamennsku sem atvinnugrein. Dæmi um slíkt má finna hér:

<http://skrina.is/wp-content/uploads/2argangur2015/Hestar-og-%C3%BEr%C3%B3un-klasa.pdf> (Sjá einnig Sigurðardóttir & Steinthorsson, 2017; 2018)

Samantektargrein á íslensku úr 2017 og 2018 greinum má

finna hér: <http://dev.nmi.is/klasarit/index.html>

Heimildaskrá

Ferðamálastofa (2019). *Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum 2018*. Sótt 15. Apríl 2019 af https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2018/oktober/ferdatio_nusta-a-islandi-i-tolum-2018-6.pdf

Heldt, T. (2017). Efnahagsleg áhrif Landsmóts hestamanna 2016 – frumniðurstöður. Í Guðrún Helgadóttir og Ingibjörg Sigurðardóttir, *Rannsóknir á Landsmóti hestamanna: Hólar 2016*, bls. 27-

31. Hólar: Ferðamáladeild Háskólans á Hólum.

Hörður Kristjánsson (2018) Hross landsmanna 4 til 8 þúsund fleiri en opinberar tölur segja 2018.

Bændablaðið 5.júlí.

Ingibjörg Sigurðardóttir (2004). Hestatengd ferðaþjónusta á Íslandi. BS ritgerð í viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri. Sótt 16. apríl 2019 á

<https://skemman.is/handle/1946/1010>

Sigurðardóttir, I. & Steinþórsson, R.S. (2015). Hestar og þróun klasa; hestatengdur klasi á Norðurlandi vestra. *Skrína*, 2(6), 1-9.

Sigurðardóttir, I. & Steinþórsson, R.S. (2017). Establishment and downfall of a cluster initiative in Northwest Iceland. *Contemporary Issues in Law*, 14(3), 217-230.

Sigurðardóttir, I. & Steinþórsson, R.S. (2018). Development of micro-clusters in tourism: a case of equestrian tourism in northwest Iceland. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*, 18(3), 261-277.

<https://doi.org/10.1080/15022250.2018.1497286>.

Tinna Dögg Kjartansdóttir (2011). Markaðssetning þarfast þjónsins á erlendri grund. BS ritgerð í Markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum við Háskóla Íslands. Sótt 16. apríl 2019 á

<https://skemman.is/bitstream/1946/7283/1/Tinna%20D%C3%B6gg%20Kjartansd%C3%B3ttir.pdf>

Tinna Dögg Kjartansdóttir (2012). Vörumerkjarýni þarfast þjónsins í Þýskalandi. MS ritgerð í markaðsfræðum og alþjóðaviðskiptum við Háskóla Íslands. Sótt 16. apríl 2019 á

<https://skemman.is/bitstream/1946/10568/1/V%C3%B6rumerkjar%C3%BDni%20%C3%BEarfasta>

<https://skemman.is/bitstream/1946/10568/1/V%C3%B6rumerkjar%C3%BDni%20%C3%BEarfasta%20%C3%BEi%C3%B3nsins%20%C3%AD%20%C3%9E%C3%BDskalandi.pdf>

Tinna Dögg Kjartansdóttir (2014). Fyrirliggjandi gögn og rannsóknir. Glærusett.

Zeithaml, V.A., Bitner, M.J. & Gremler, D.D. (2013). *Services Marketing, Integrating Customer Focus Across the Firm* (6.ed.). New York: Mc Graw Hill.



Samgönguáætlun 2019 – 2024:

Samgönguáætlun 2019 – 2024 var lögð fram og samþykkt á 149 löggjafarþingi. Fundað var með samgönguráðherra í ágúst 2018 þar sem farið var fram á tvöföldun reiðvegafjár frá því sem verið hefur allt frá árinu 2010 eða 60.0 m.kr.

Það veldur því nokkrum vonbrigðum að reiðvegafé í samgönguáætlun árin 2019 – 2024 er einungis 75.0 m.kr. á ári. Eftirfarandi tafla er úr samgönguáætlun 2019 -2024, sem sjá má er enn bætt í hjóla- og göngustíga.

Samelinlegt				Eftirstöðvar kostnaðar					
Vegnr.	Vegheiti	Lengd kafla	1. 1. 2019	2019	2020	2021	2022	2023	2024+
	Kaflanr. Kaflaheiti	[km]	millj. kr.						Framhald
	Tengivegir, bundið slitlag			800	900	900	900	900	+
	Breikkun brúa			405,0	463,0	480,0	441,0	431,0	+
	Hjóla- og göngustígar			250	265	265	265	265	+
	Samgöngurannsóknir			20	20	20	20	20	+
	Héraðsvegir			110	110	110	110	110	+
	Landsvegir utan stofnvegakerfis			120	120	120	120	120	+
	Styrkvegir			50	50	50	50	50	+
	Reiðvegir			75	75	75	75	75	+
	Smábrýr			50	50	50	50	50	+
	Girðingar			60	60	60	60	60	+
	Sameiginlegur jarðgangakostnaður			10	10	10	10	10	+
	Samtals sameiginlegt			1950,0	2123,0	2140,0	2101,0	2091,0	
	Samtals nýframkvæmdir			13545,0	13488,0	13350,0	7846,0	7846,0	

Bent er á að áætlað er að endurskoða samgönguáætlun á 150 löggjafarþingi, eða nú á haustþingi og því lag fyrir notendur reiðvega að þrýsta á stjórnvöld um aukið fjármagn til reiðvega.



Hér á eftir eru:

Reiðvegir2018 Uppgjör / Fjárheimildir, einnig Umsóknir og úthlutun á reiðvegafé til hestamannafélaga 2019.

*Fh. Ferða- og samgöngunefndar LH
Halldór H. Halldórsson.*



Reiðleiðamerkingar á Kili.

Haft var samband við Guðrúnu Svanhvíti Magnúsdóttur hjá Bláskógabyggð og bent á það sem betur mætti fara í reiðleiðamerkingu í Þjófadölum. Einnig var gerð fyrirspurn um uppsetningu síðustu vegprestanna á Kili.



Hér sést hvernig leiðir greinast neðan við Þröskulda í Þjófadölum, æskilegt að settur verði upp vegprestur þar sem reiðleið greinist til vinstri og gönguleið til hægri.

Svar barst frá Guðrúnu Svanhvíti Magnúsdóttir í sveitarstjórn Bláskógabyggðar.

Sælir félagar.

Takk fyrir þessar ábendingar. Við erum ennþá í vandræðum með suma hestahópa í gegnum Dalina, sérstaklega Eldhesta sem fara hiklaust með rekstur þar í gegn.

Hvað skiltin varða þá erum við búin að vera að tína þau upp og við erum að fara núna næstu daga á erfiðustu staðina til að klára verkið, björgunarsveitin ætlar að aðstoða okkur við höfum verið að bíða eftir að þeir geti farið með okkur. Planið hjá okkur er að kalla Eldhesta á fund til okkar og fara en og aftur yfir þessi mál, þegar öll skilti verða komin upp og nú þegar liggur fyrir samþykkt sveitarstjórnar um að rekstur sé bannaður þarna í gegn er það alger ósvífni að fara ekki eftir þeim tilmælum.

Já og hvað skiltin varðar þá koma þau mjög vel undan vetri, var á ferðinni inn á afrétt í gær með umhverfisráðherra að ræða hálendisþjóðgarð. Notaði m.a okkar góða samstarf sem dæmi um verkefni sem hægt er að vinna í sátt og samlyndi fyrir lítið fjármagn ef tekið er tillit til mismunandi sjónarmiða í stað þess að einn aðili taki sér alrædisvald með boðum og bönnum. Þegar öll skiltin verða komin á sinn stað skrifa ég grein sem fer í Bændablaðið, hafði líka hugsað mér að koma henni í Eiðfaxa, þekki nýja ritstjóran all vel.

Bestu kveðjur úr Tungunum.



Ferða- og samgöngunefnd LH
Reiðvegir 2018 - uppgjör / Fjárheimildir 2018

			Fjárheimild 2018	Greiðslur 2018	Uppgj. / ónýtt Staða 31.12.2018
Suðursvæði 2					
Öll félögin			0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Kópur	V-Skaft.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Sindri	Mýrdal	2.000.000 kr.	3.000.000 kr.	-1.000.000 kr.
Hestamannafélagið	Geysir	Rangárvallas.	3.000.000 kr.	2.863.545 kr.	136.455 kr.
Ferðaleiðir		Með Landvegi	1.500.000 kr.	1.532.260 kr.	-32.260 kr.
Samtals:			6.500.000 kr.	7.395.805 kr.	-895.805 kr.

Suðursvæði 1					
Öll félögin			0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Ljúfur	Hverag. og Ölfusi	2.333.333 kr.	2.300.000 kr.	33.333 kr.
Hestamannafélagið	Sleipnir	Selfossi og nágr.	2.333.334 kr.	2.833.000 kr.	-499.666 kr.
Hestamannafélagið	Háfeti	Þorlákshöfn	2.333.333 kr.	2.333.333 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Logi	Biskupstungum	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Smári	Hreppum	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Trausti	Laugardal	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Ferðaleiðir		Með Skeiðavegi	1.500.000 kr.	1.500.000 kr.	0 kr.
Samtals:			8.500.000 kr.	8.966.333 kr.	-466.333 kr.

Suðvestursvæði					
Öll félögin			0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Sprettur	G.bæ / Kópav.	1.800.000 kr.	1.818.000 kr.	-18.000 kr.
Hestamannafélagið	Brimfaxi	Grindavík	800.000 kr.	808.000 kr.	-8.000 kr.
Hestamannafélagið	Fákur	Reykjavík	1.800.000 kr.	1.818.000 kr.	-18.000 kr.
Hestamannafélagið	Hörður	Mosfellsbæ	1.800.000 kr.	1.999.800 kr.	-199.800 kr.
Hestamannafélagið	Sóti	Álftanesi	300.000 kr.	232.300 kr.	67.700 kr.
Hestamannafélagið	Sörli	Hafnarfirði	1.000.000 kr.	1.010.000 kr.	-10.000 kr.
Hestamannafélagið	Máni	Keflavík	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Adam	Kjósarsýslu	800.000 kr.	991.488 kr.	-191.488 kr.
Reiðvegamerkingar á Kili			0 kr.	0 kr.	0 kr.
Ferðaleiðir;		Þingvallaleið ofl.	1.000.000 kr.	1.513.998 kr.	-513.998 kr.
Samtals:			9.300.000 kr.	10.191.586 kr.	-891.586 kr.

Vestursvæði					
Öll félögin					
Hestamannafélagið	Borgfirðingur	Borgarfirði	1.800.000 kr.	2.201.440 kr.	-401.440 kr.
Hestamannafélagið	Dreyri	Akranesi	1.000.000 kr.	1.000.000 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Glaður	Dalasyслу	900.000 kr.	710.938 kr.	189.062 kr.
Hestamannafélagið	Snæfellingur	Snæfellsnesi	1.000.000 kr.	750.000 kr.	250.000 kr.
Hestamannafélagið	Hending	Ísafirði	900.000 kr.	880.397 kr.	19.603 kr.
Hestamannafélagið	Stormur	Vestfjörðum	900.000 kr.	900.000 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Kinnskær	Barðaströnd	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Ferðaleiðir:		Eskiholt að Löngufjörum;	1.000.000 kr.	1.000.000 kr.	0 kr.
Samtals:			7.500.000 kr.	7.442.775 kr.	57.225 kr.

Norðursvæði 1

Öll félögin				0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Snarfari	Skagaströnd	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Skagfirðingur	Skagafirði	2.200.000 kr.	3.000.000 kr.	-800.000 kr.
Hestamannafélagið	Neisti	A-Hún.	2.100.000 kr.	2.100.000 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Þytur	V-Hún.	2.100.000 kr.	2.099.997 kr.	3 kr.
Hestamannafélagið	Glæsir	Siglufirði	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Ferðaleiðir; Brandagil - Haukadalsskarð			0 kr.	0 kr.	0 kr.
Samtals:			6.400.000 kr.	7.199.997 kr.	-799.997 kr.

Norðursvæði 2

Öll félögin				0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Léttir	Akureyri	2.300.000 kr.	1.900.000 kr.	400.000 kr.
Hestamannafélagið	Funi	Eyjafirði	2.000.000 kr.	2.400.000 kr.	-400.000 kr.
Hestamannafélagið	Léttir, Funi	Akureyri/Eyjaf.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Þráinn	Svalbarðsströnd	0 kr.		0 kr.
Hestamannafélagið	Þjálfli	S-Þing.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Feykir	N-Þing.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Grani	Húsavík	1.000.000 kr.	1.000.000 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Hringur	Dalvík	1.000.000 kr.	1.000.000 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Gnýfari	Ólafsfirði	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Snæfaxi	Langanesbyggð	1.000.000 kr.	1.000.000 kr.	0 kr.
			0 kr.	0 kr.	0 kr.
Ferðaleiðir / Skuggabjargarleið Þráinn			1.500.000 kr.	1.500.000 kr.	0 kr.
Samtals:			8.800.000 kr.	8.800.000 kr.	0 kr.

Austursvæði

Öll félögin					
Hestamannafélagið	Glófaxi	Vopnafirði	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Goði	Fáskrúðsfirði	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Hornfirðingur	Hornafirði	800.000 kr.	800.000 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Freyfaxi	S-Múlasýslu	1.200.000 kr.	1.200.000 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Geisli	Breiðdalsvík	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Blær	Eskifirði	1.000.000 kr.	1.000.000 kr.	0 kr.
Ferðaleiðir			0 kr.	0 kr.	0 kr.
Samtals:			3.000.000 kr.	3.000.000 kr.	0 kr.

Samtals:	50.000.000 kr.	52.996.496 kr.	-2.996.496 kr.
-----------------	-----------------------	-----------------------	-----------------------

Merkingar reiðleiða á Kili LH	2.000.000 kr.	2.000.000 kr.	0 kr.
Skráning reiðleiða LH úthlutun Vegagerðin	3.500.000 kr.	3.500.000 kr.	0 kr.
Samtals:	55.500.000 kr.	58.496.496 kr.	-2.996.496 kr.

Vegagerðin úthlutun til ýmissa verkefna		- kr.	
Samtals reiðvegaframkvæmdir 31.12.2018		58.496.496 kr.	

Landssamband hestamannafélaga

Umsóknir og úthlutun á reiðvegafé fyrir árið 2019

Svæði:	Umsókn 2019	Úthlutun 2019	Mótframlag Sveitarfélag, aðrir	Til ráðstöfunar Alls	Hlutfall af úthl.	Hlutfall af heild
Suðvestursvæði, Reykjanes:	85.702.740 kr.	11.000.000 kr.	20.700.000 kr.	31.700.000 kr.	16,92%	23,37%
Suðursvæði 1, Suðurland vestur:	40.800.000 kr.	9.000.000 kr.	13.900.000 kr.	22.900.000 kr.	13,85%	16,89%
Suðursvæði 2, Suðurland austur:	29.775.000 kr.	6.000.000 kr.	5.400.000 kr.	11.400.000 kr.	9,23%	8,41%
Vestursvæði Vesturland / Vestfirðir	33.022.323 kr.	8.000.000 kr.	6.950.000 kr.	14.950.000 kr.	12,31%	11,02%
Norðursvæði 1, Norðvesturland:	17.800.000 kr.	8.000.000 kr.	4.300.000 kr.	12.300.000 kr.	12,31%	9,07%
Norðursvæði 2, Norðausturland:	32.550.000 kr.	8.500.000 kr.	10.400.000 kr.	18.900.000 kr.	13,08%	13,94%
Austursvæði, Austurland:	10.798.000 kr.	3.250.000 kr.	900.000 kr.	4.150.000 kr.	5,00%	3,06%
Ferðaleiðir	68.278.000 kr.	11.250.000 kr.	4.570.000 kr.	15.820.000 kr.	17,31%	11,66%
Reiðvegaskráning	3.500.000 kr.	0 kr.	3.500.000 kr.	3.500.000 kr.	0,00%	2,58%
Samtals kr.	322.226.063 kr.	65.000.000 kr.	70.620.000 kr.	135.620.000 kr.	100,00%	100,00%

Umsókn / úthlutun til Ferðaleiða

Ferðaleiðir 2019

			Umsókn	Úthlutun	Mótframl.	Fjárbörf	Fé til ráðstöfunar
Hestamannafélag:	R.nr:	Reiðleið	2019	2019	Sveitarfél, aðrir		Alls
Adam	R 20.05	Tíðaskarðsleið; Kíðafellsá - Bleikdalsá	4.500.000 kr.	2.500.000 kr.	500.000 kr.	4.000.000 kr.	3.000.000 kr.
Adam	R 20.04	Esjuhlíðar; Bleikdalsá - Kollafjörður	7.000.000 kr.	0 kr.	800.000 kr.	0 kr.	800.000 kr.
Hörður	R 10.06	Þingvallaleið; Bugða - Kjósarskarð	3.108.000 kr.	0 kr.	0 kr.	3.108.000 kr.	0 kr.
Hörður	R407.01	Leggjabrjótsleið; Svartagil - Þórisgil	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Sóti		Breiðamýri - Sviðsholt	620.000 kr.	0 kr.	120.000 kr.	500.000 kr.	120.000 kr.
Smári	R 18.17	Skeiðavegur; Brautarholt - Reykjaréttir	5.000.000 kr.	0 kr.	0 kr.	5.000.000 kr.	0 kr.
Trausti	R 324.04	Lyngdalsheiði; Biskupsbrekkur - Kringlumýri	5.000.000 kr.	0 kr.	0 kr.	5.000.000 kr.	0 kr.
Ljúfur	R 13.07	Reiðleið upp Kamba	3.500.000 kr.	0 kr.	0 kr.	3.500.000 kr.	0 kr.
Smári	R 18.18	Árnesleið; Gunnbjarnarholt - Þrándarholt	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Logi	R 10.14	Tunguheiði; Gullfoss - Afréttarhlíð	4.000.000 kr.	2.000.000 kr.	0 kr.	4.000.000 kr.	2.000.000 kr.
Sleipnir	R 18.17	Skeiðavegur; Suðurlandsvegur - Merkurlaut	3.000.000 kr.	0 kr.	1.500.000 kr.	1.500.000 kr.	1.500.000 kr.
Suðursvæði 2	R 32.01	Með Landvegi; Pula - Hryggjavegur	4.000.000 kr.	2.000.000 kr.	0 kr.	4.000.000 kr.	2.000.000 kr.
Suðursvæði 2	R 32.02	Með Landvegi; Galtalækur - Tröllkonuhlaup	12.000.000 kr.	0 kr.	0 kr.	12.000.000 kr.	0 kr.
Snæfellingur	XX	Prestahraun; Prestahraun - Sveinsstaðir	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Borgfirðingur	R 23.02	Eskiholt Uxahryggir; Eskiholt - Hvítá v/Síki	1.500.000 kr.	0 kr.	500.000 kr.	1.000.000 kr.	500.000 kr.
Borgfirðingur	R 23.01	Eskiholt - Löngufjörur, Laxholt - Stangarholt	3.000.000 kr.	2.250.000 kr.	750.000 kr.	2.250.000 kr.	3.000.000 kr.
Stormur	XX	Dýrafjörður; Ketilseyri - Hvammur	2.000.000 kr.	0 kr.	0 kr.	2.000.000 kr.	0 kr.
Skagfirðingur	R 35.17-8	Vatnsskarð; Gýgjarfoss - Valadalur	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Þytur / Neisti	R 702.21	Hópið; Vaðhvamur - Ásbjarnames	2.750.000 kr.	2.500.000 kr.	0 kr.	2.750.000 kr.	2.500.000 kr.
Léttir	áning	Kaupangur; Áningastaður	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Þráinn	R 38.16	Skuggabjargarleið; Gamla Fnjóskábrú - Þjóðvegur	6.300.000 kr.	0 kr.	400.000 kr.	5.900.000 kr.	400.000 kr.
Freyfaxi	R-XXX	Iðavellir; Iðavellir - Uxalækur	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
			0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Grani	R 32.21	Reykjaheiði; Þeistareykir - Keldunesheiði	1.000.000 kr.	0 kr.	0 kr.	1.000.000 kr.	0 kr.
			68.278.000 kr.	11.250.000 kr.	4.570.000 kr.	57.508.000 kr.	15.820.000 kr.

Umsóknir / Úthlutun - Samgöngunefnd LH 2019

45

Félag	Umsókn 2019	Úthlutun 2019	Mótframl. Sveitarfél, aðrir	Fé til ráðstöfunar Alls
Suðvesturland / höfuðborgarsvæðið:				
Félögin á Suðvestursvæði	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Adam , Kjósarsýslu	5.050.000 kr.	1.000.000 kr.	1.600.000 kr.	2.600.000 kr.
Brimfaxi, Grindavík og nágr.	3.000.000 kr.	750.000 kr.	500.000 kr.	1.250.000 kr.
Fákur, Reykjavík	11.134.500 kr.	2.500.000 kr.	1.500.000 kr.	4.000.000 kr.
Hörður, Mosfellsbæ	10.112.000 kr.	2.400.000 kr.	1.500.000 kr.	3.900.000 kr.
Máni, Reykjanesbæ	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Sóti, Álftanesi	350.000 kr.	350.000 kr.	0 kr.	350.000 kr.
Sprettur, Garðabæ og Kópavogi	39.400.240 kr.	2.500.000 kr.	3.000.000 kr.	5.500.000 kr.
Sörli Hafnarfirði	16.656.000 kr.	1.500.000 kr.	12.600.000 kr.	14.100.000 kr.
ALLS:	85.702.740 kr.	11.000.000 kr.	20.700.000 kr.	31.700.000 kr.

Félag	Umsókn 2019	Úthlutun 2019	Mótframl. Sveitarfélag, aðrir	Fé til ráðstöfunar Alls
Suðursvæði 1, Suðurland vestur :				
Félögin á Suðursvæði 1	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
sameiginleg umsókn	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Ljúfur, Hveragerði, Ölfus	6.900.000 kr.	0 kr.	1.600.000 kr.	1.600.000 kr.
Logi, Bláskógabyggð	3.000.000 kr.	3.000.000 kr.	0 kr.	3.000.000 kr.
Sleipnir, Selfoss og nágrenni	10.000.000 kr.	0 kr.	5.000.000 kr.	5.000.000 kr.
Smári, Hreppum Árnessýslu	7.500.000 kr.	3.000.000 kr.	1.800.000 kr.	4.800.000 kr.
Trausti, Grímsnes- og Grafningshreppi	9.500.000 kr.	3.000.000 kr.	3.500.000 kr.	6.500.000 kr.
Háfeti, Þorlákshöfn	3.900.000 kr.	0 kr.	2.000.000 kr.	2.000.000 kr.
ALLS:	40.800.000 kr.	9.000.000 kr.	13.900.000 kr.	22.900.000 kr.

Umsóknir / Úthlutun - Samgöngunefnd LH 2019

Félag	Umsókn 2019	Úthlutun 2019	Mótframl. Sveitarfélag, aðrir	Fé til ráðstöfunar Alls
Suðursvæði 2, Suðurland austur:				
Félögin á Suðursvæði 2:				
sameiginleg umsókn	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Geysir, Rangárvallasýslu	22.425.000 kr.	3.500.000 kr.	2.050.000 kr.	5.550.000 kr.
Kópur, Vestur Skaftafellssýslu	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Sindri, Mýrdal	7.350.000 kr.	2.500.000 kr.	3.350.000 kr.	5.850.000 kr.
ALLS:	29.775.000 kr.	6.000.000 kr.	5.400.000 kr.	11.400.000 kr.

Félag	Umsókn 2019	Úthlutun 2019	Mótframl Sveitarfélag, aðrir	Fé til ráðstöfunar Alls
Vestursvæði, Vesturland / Vestfirðir				
Félögin á Vesturlandi og Vestfirðum:				
Sameiginleg umsókn.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Borgfirðingur	10.000.000 kr.	1.978.181 kr.	3.500.000 kr.	5.478.181 kr.
Dreyri, Akranesi og nágr.	4.700.000 kr.	1.410.909 kr.	3.000.000 kr.	4.410.909 kr.
Glaður, Dalabyggð	2.500.000 kr.	1.195.152 kr.	150.000 kr.	1.345.152 kr.
Snæfellingur, Snæfellsnesi	2.600.000 kr.	1.478.788 kr.	300.000 kr.	1.778.788 kr.
Hending, Ísafirði	1.500.000 kr.	901.818 kr.	0 kr.	901.818 kr.
Stormur, Vestfirðir	11.722.323 kr.	1.035.152 kr.	0 kr.	1.035.152 kr.
Kinnskær, Barðaströnd	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
ALLS:	33.022.323 kr.	8.000.000 kr.	6.950.000 kr.	14.950.000 kr.

Umsóknir / Úthlutun - Samgöngunefnd LH 2019

47

Félag	Umsókn 2019	Úthlutun 2019	Mótframlag Sveitarfélag, aðrir	Fé til ráðstöfunar Alls
Norðursvæði 1 Norðvesturland:				
Félögin á Norðvesturlandi:				
Sameiginleg umsókn	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Þytur, Vestur Húnavatnssýslu	4.100.000 kr.	2.600.000 kr.	0 kr.	2.600.000 kr.
Neisti, Austur Húnavatnssýslu	6.000.000 kr.	2.600.000 kr.	800.000 kr.	3.400.000 kr.
Skagfirðingur, Skagafirði og Akrahreppi	7.700.000 kr.	2.800.000 kr.	3.500.000 kr.	6.300.000 kr.
Glæsir, Siglufirði	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Snarfari, Skagaströnd	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
ALLS:	17.800.000 kr.	8.000.000 kr.	4.300.000 kr.	12.300.000 kr.

Félag	Umsókn 2019	Úthlutun 2019	Mótframl. Sveitarfél., aðrir	Fé til ráðstöfunar Alls
Norðursvæði 2, Norðausturland:				
Sameiginleg umsókn	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Léttir, Akureyri og nágr.	14.750.000 kr.	2.100.000 kr.	5.500.000 kr.	7.600.000 kr.
Funi, Eyjafjarðarsveit	4.200.000 kr.	2.000.000 kr.	2.000.000 kr.	4.000.000 kr.
Þjálfir, Suður Þingeyjarsýslu	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Grani, Húsavík	2.000.000 kr.	1.000.000 kr.	0 kr.	1.000.000 kr.
Þráinn, Svalbarðsströnd	1.900.000 kr.	900.000 kr.	400.000 kr.	1.300.000 kr.
Feykir, Norður Þingeyjarsýslu	1.500.000 kr.	1.000.000 kr.	0 kr.	1.000.000 kr.
Hringur, Dalvík og nágr.	6.000.000 kr.	1.500.000 kr.	2.500.000 kr.	4.000.000 kr.
Gnýfari, Ólafsfirði	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Snæfaxi, Langanesbyggð og Raufarhöfn	2.200.000 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
ALLS:	32.550.000 kr.	8.500.000 kr.	10.400.000 kr.	18.900.000 kr.

Umsóknir / Úthlutun - Samgöngunefnd LH 2019

Félag	Umsókn 2019	Úthlutun 2019	Mótframl. Sv.félag, aðrir	Fé til ráðstöfunar Alls
Austursvæði, Austurland:				
Félögin á Austurlandi:				
Sameiginleg umsókn	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Blær, Fjarðabyggð	870.000 kr.	800.000 kr.	0 kr.	800.000 kr.
Glófaxi, Vopnafirði og nágr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Goði, Fáskrúðsfirði	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Freyfaxi, Suður Múlasýslu	3.928.000 kr.	1.650.000 kr.	400.000 kr.	2.050.000 kr.
Hornfirðingur, Austur Skaftafellssýslu	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Geisli, Breiðdalsvík og nágr.	6.000.000 kr.	800.000 kr.	500.000 kr.	1.300.000 kr.
ALLS:	10.798.000 kr.	3.250.000 kr.	900.000 kr.	4.150.000 kr.

Ferðaleiðir	Umsókn Ferðaleiðir 2019	Úthlutun 2019	Mótframl. Sv.félag, aðrir	Fé til ráðstöfunar Alls
Suðvestursvæði, Suðvesturland	15.228.000 kr.	2.500.000 kr.	1.420.000 kr.	3.920.000 kr.
Suðursvæði 1, Suðurland vestur	20.500.000 kr.	2.000.000 kr.	1.500.000 kr.	3.500.000 kr.
Suðursvæði 2, Suðurland austur	16.000.000 kr.	2.000.000 kr.	0 kr.	2.000.000 kr.
Vestursvæði 1, Vesturland / Vestfirðir	6.500.000 kr.	2.250.000 kr.	1.250.000 kr.	3.500.000 kr.
Norðursvæði 1, Norðvesturland	2.750.000 kr.	2.500.000 kr.	0 kr.	2.500.000 kr.
Norðursvæði 2, Norðausturland	7.300.000 kr.	0 kr.	400.000 kr.	400.000 kr.
Austursvæði, Austurland Langanes að Gígjukvísl	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
ALLS:	68.278.000 kr.	11.250.000 kr.	4.570.000 kr.	15.820.000 kr.

Umsóknir / Úthlutun - Samgöngunefnd LH 2019

49

Reiðvegaskráning	Umsókn 2019	Úthlutun 2019	Mótframlag Vegagerðin	Fétil ráðstöfunar Alls
Ferða- og samgöngunefnd LH				
Reiðvegaskrá / Kortasjá	3.500.000 kr.	0 kr.	3.500.000 kr.	3.500.000 kr.
Reiðvegamerkingar og fræðsluskilti á Kili	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
	3.500.000 kr.	0 kr.	3.500.000 kr.	3.500.000 kr.
SAMANTEKT				
	322.226.063 kr.	65.000.000 kr.	70.620.000 kr.	135.620.000 kr.



Á Stóruvallaheiði

Ljósm. HHH.